



LOFT- OG HLÍÐ-
MENGUNI!

ÞÆTTAR
ALMENNING-
SAMGÖNGUR!

SVEIMÉR JÁ, HÉR
VANTAR GANGBRAUT,
OG KANNSKILISTA-
VERK Í ALMENNING-
KÝMID?

FLÉIRI Í BÚÐIRI FLÉIRI
LEIK-SVÆÐI FLÉIRI
BÍLASTÆÐI!

HÉR ER GOTT AÐ BÚA, GÓÐIR
GRANNAR, OG ÍSBÚÐ, HVAD YARF
MABUR MEIRA?

HÉR ERU UPPÍ ÁFORM UM AÐ ERA
HVERFISMÖÐURNA MED BRUGKI
MENNINGARSTARFSEMI OG FALLEGU
UMHVERFI, EKKI SEM VERST, HAD?

ÚPSÍ HÉR ER NÁR
Á GANGSTÉTTAR-
VIGERAM!

ÁFRAM FYLKIRI!

MEITTIKKI
BYGGJA NOKKRAR
BÚÐIR HÉR?

HÉR VERÐUR BARA
AÐ ÞÆTTA GÖTU-
LÝSINGUNA!

HÉR GÆTI ÉG
KÆKTAD GRÆN-
METIFYRIR ALLT
HVERFIÐ!

VÆRI EKKI MÁL AÐ KOMA
HÉR UPP BRUGI HVERFIS-
STARFSEMI OG KAFFIHUSI?

EGU BARA
APPARÓÐ?

JÁ, HÉR ERU EINGIN
ALMENNINGSSALEKNI
OG ÉG VAR ALVEG
Í SPENNI!

MÉR FINNST
SÁRLEGA VANTAR
TÍVÖLUGARÐ

HLAUPLEIÐIRNAR
UM ÁRBEIÐNARU
DÁSAMLEGAR.

Í HVERFINU OKKAR ES MESTUM
ALLT TIL TÍÐAR, FRISTUN-
MISTÖÐ OG SUNNLAUS, HAD
VANTAR BARA ALMENNING-
HLÓÐRETTARAMI!

ALVEG
SAMMALA

SAFNARHEIMLI
ÓSKASTI OG KANNSKI
EITT BLÓMKAER.

SJÁ HÓLMANNU YAR
GETUR NÁTTURAN
OG FUGLALÍÐ
FENGID AÐ VERA
Í FRÍÐI!

JÁ, SVO LENGI SEM
LAUSAGANGA HUNDA ER
BÖNNUD.

OH HUNDASKÍTUR
ÚT UM ALLT.

ÁRTUNHOLT
ER UPPHÁLD-
HVERFIÐ MITT

DÁSAMLEGT AÐ
SLAPPA AF Í
GJERÐRI
NÁTTURU

JÁ, HÉR ALTI
AÐ HALDA Í
TRJASKOÐUNINA
OG ÞÆTTA
HÍOLASTIGINA

SVEIMÉR JÁ EF HÉR
VÆRI EKKI KJÖRID AÐ
STUNDA BORGARSUSKAP
OG MOLTUSEKPI!

EN SÚ MEIRI HATTAR NÁTTURUPELA!
NOKKRAR RUSLATUNNUR TIL VIÐBÁTAR
OG ÉG MYNDI KALLA ÞETTA PARADÍS.

MIKID VÆRI NÚ
HUGGULEGT AÐ ALJA EF HÉR
VÆRI LÍTIÐ KAFFIHUS!



SELÁSNIR DÁSÁMLEGUR, SERSTARKEGA Í FORSÆLUNNI.

ÞETTA ER FLOTT JÓÐ FYRIR TILBEIÐLUNUS, HÁ?

HAF ER MIKILVEGT AD HÉR SEU FÖÐRÆYTTAR ÍBÚÐIR, EIGIÐ HUSNÆÐI, LEIGIÐHUSNÆÐI, FÉLAGSRÚSTAFNIR TIL DÆMIS.

Æ HVAD VÆRI HUGGÐ AD GETA RÖLT Í SUND Í HVÖLDLÖBUNNI.

NORÐLINGAHLT ER HVERFRIÐ MITT. HVÍLÍK PARADÍS!

HALLÓ, HAF ÉG ER AD LEITA AD RAÐFÉLÐSLUSTIÐ, ER HANA AD FINNA HÉR Í NORÐLINGAHLTINU?

DRÁUMURINN VÆRI AÐVITAÐ LITÍÐ YFIRBYGGT KNATTIÐUS.

VÆRI EKKI MÁL AD GERA ÞESSA GÖTU AD VISTGÖTU?

ÉG SVAR HAF, HÉR ER TÖLUVERÐ HÆTTA Á SKEMMDARVERKUM.

ÉG LÆT MIG DREYMA UM SAMGIGNILEGA MOLTUGERÐ Í HVERFINU.

ÞESSI REIÐSTÍÐUR ER TIL FYRIRMYNDAR, NÚ ER BARA AD HLADA Í EINA Í GÖ-KARTBRAUT!

MIG LANGAR HRIKALEGA Á DANINÁMSKEIÐ.

HVAD MED SKÓLA-HREYSTIBRAUT?

TIL Í HAFI LÍSA ÞRÓTTANUS.

EF HÉR VÆRI SJOPPA MYNÐI ÉG HELÐUR BETUR BÝÐA HÉR UPP Á ÍS MED DÝFU, VINKONA.

KRUNK KRUNK

SUMUM FINNST ÞETTA SVÆRI Í NÝRURNIÐLI, EN MÉR FINNST ÞESSI GHEFTI VÖXTUR BARA SJARMERANDI.

HAF VANTAR ALGJÖRLEGA MATVÆRUVÆRSLUN Í HVERFINU OG RAKARAI!

HAF ER ENGINN BANKI Í NAGRENUNNI, ER HAF?

NEI, HVÍ MUDURI HVORKI BANKI NE BOKASAFNI VÍÐ FÆTTUM AD LEGGJA HAF TIL.

EF HAF VÆRI KAFFI HUS EÐA VEITINGASTAFUR Í HVERFINU GÆTUM VÍÐ SETIÐ FYRIR UTAN OG SÚRT BITA.

Æ, ÉG VEIT EKKI ER HAF EKKI BAKA KLUSJA?

MÉR FINNST AD HAF FÆTTI AD VERA FÓTBOLTAVÖLLUR HÉR, HELST MED GERVIGRAI!

EITURSÞLÖNGUSAFN, VÆRI HAF EKKI EITTHVAF?

VÍÐ KOMUM OFT HINGAD UM HELGAR, EF HAF VÆRU FLÆIRI LEIGIÐSÚPIR MYNDUM VÍÐ RYTTJA HINGAD UNDIR EINI!

JEP, MIG DREYMR UM AD SKRIFA HVERFISBLAD OG ORNA KLEINURRINGABULLU.

ÉG STELT STUNDUM TIL AD HJÓLA Á REIÐSTÍÐUNUM, VONANDI VERÐUR GERÐUR FIALLAHJÓLASTÍÐUR FLJÓTLEGA.

MIG LANGAR SVÖ AD PLANTA TRJÁM HÉRNA, ÉG SE FYRIR MÉR HEILAN ÆVINTYRASKÖG.

VÁI FÆTTI ÞETTA FYRIRBÖÐI UM ÞELUGRA FÉLAGSSTARF FYRIR FAZLABA?

GARGI MIS VIMARI! HAF VANTAR FLÆIRI BÆKKI Í ÞETTA HVERFI.

APARÓLAI APARÓLAI!

ÚTGEFANDI

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

ÁBYRGÐ, UMSJÓN OG RÁÐGGJÖF

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur
Björn Axelsson *skipulagsfulltrúi*

Verkefnisstjórar skipulagsfulltrúa
Ævar Harðarson *verkefnisstjóri hverfisSKIPULAGS*
Guðlaug Erna Jónsdóttir *verkefnisstjóri*
Jón Kjartan Ágústson *verkefnisstjóri*

Ráðgjafar hverfisSKIPULAGS í borgarhluta 7
Gylfi Guðjónsson *Teiknistofa arkitekta*
Jóhann Einar Jónsson *Teiknistofa arkitekta*
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir *EFLA*
Pétur Jónsson *Landark*

Hönnun , teikningar og ljósmyndir
Ox Collective *grafísk hönnun*
Rán Flygenring *myndskreytingar*
Búi Hrafn Jónuson *ljósmyndir*
Klara Sól Ágústsdóttir *umbrot og lokafrágangur*
Sandra Rún Sigurðardóttir *umbrot og lokafrágangur*

SAMÞYKKTAR- OG STAÐFESTINGARFERLI

HverfisSKIPULAG þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr.
41 gr. sbr. 4. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr.123 / 2010 var samþykkt í _____
_____ þann _____ 20__
og í _____ þann
_____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til
_____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann
_____ 20__.

Skipulagsfulltrúi

Efnisyfirlit

BLS	KAFLAR
6	1 Formáli
10	2 Samantekt
14	3 Aðferðarfræði
30	4 Samráðsferlið
42	5 Helstu niðurstöður samráðs
58	6 Viðauki

DRAUMURINN VÆRI AUÐVITAÐ
LÍTIÐ YFIRBYGGT KNATTHÚS.



1. Formáli

Í þessari greinargerð er leitast við að draga saman það markverðasta úr samráði við tillögugerð að hverfisskipulagi fyrir borgarhluta 7 Árbær. Samantektinni er ætlað að sýna hvernig samráðið var skipulag, hvaða hugmyndir komu fram og hvernig unnið var með þær við gerð hverfisskipulagsins. Samráðið hefur verið víðtækt og náð til margra aðila. Þó hefur einkum verið leitast við að ná til þriggja hópa:

- Íbúa og hagsmunaaðila í borgarhlutanum.
- Einingar og svið Reykjavíkurborgar sem hverfisskipulagið snertir.
- Opinberar stofnanir og fyrirtæki sem hafa þarf samráð við samkvæmt lögum.

Auk þessa hefur mikilvægur hluti af samráðinu verið upplýsingamiðlun á hverfisskipulag.is, samfélagsmiðlum og fræðsluerindum verkefnisstjóra á fundum og ráðstefnum.

Farið er yfir hvernig samráðinu var háttað í þessari greinargerð. Greinarerðin er þannig byggð upp að fyrst er samantekt á helstu niðurstöðum, síðan kemur lýsing á þeim aðferðum sem beitt var við samráðið en þar á eftir er gerð grein fyrir samráðsferlinu og helstu hugmyndum sem voru kynntar. Að lokum eru farið yfir niðurstöður og þær reifaðar í stuttum umræðukafla. Aftast er viðauki þar sem hugmyndir og tillögur sem kynntar voru í ferlinu eru sýndar ásamt öðru ýtarefni.

Það er von verkefnisstjórnar hverfisskipulags að þessi greinargerð gefi góða mynd af því víðtæka samráði sem átti sér stað við gerð hverfisskipulags í borgarhlutanum Árbæ.

Reykjavík, 26. október 2017

Ævar Harðarson verkefnisstjóri hverfisskipulags Reykjavíkur





2. Samantekt - Abstrakt

Í þessari skýrslu er leitast við að draga saman það markverðasta úr því samráði sem farið hefur fram í vinnu við hverfisskipulag í BH7 – Árbæ. Samantektin er ætluð þeim sem koma að vinnu við hverfisskipulag og þurfa að vinna úr niðurstöðum samráðs eða hafa gagn af niðurstöðunum í sínum daglegu störfum. Þetta eru ráðgjafahópar sem eru að vinna með hverfisskipulag, verkefnisstjórar skipulagsfulltrúa, fulltrúar eininga og sviða sem koma að vinnu við hverfisskipulag og kjörnir fulltrúar sem koma að ákvarðanatöku.

Skipulag samráðsins var þannig að fyrst mótuðu ráðgjafahópar í hverjum borgarhluta hugmyndir að framtíðarsýn á grundvelli verklýsinga sem búið var að kynna og samþykkja. Farið var í gegnum nokkur þrep og beitt nokkrum ólíkum aðferðum við samráðið samkvæmt skilgreiningum í verklýsingum og verkáætlunum fyrir vinnu í einstökum borgarhlutum. Þegar hugmyndir að framtíðarsýn lágu fyrir voru þær lagðar fyrir

rýnihópa sem Gallup hélt utan um. Ráðgjafar lagfærðu síðan eftir atvikum hugmyndir, sem síðan voru kynntar á AO veggspjöldum á íbúafundum. Þar var íbúum gefin kostur á að koma á framfæri skoðunum á hugmyndunum og óskum um úrbætur með miðakerfi sem hægt var að leggja á líkön af hverfunum, sem byggð höfðu verið af nemendum í hverfisskólum.

Rétt er að nefna að fjölmörg atriði sem fram hafa komið í samráði við íbúa snúa að óskum um ýmsar úrbætur í hverfunum s.s. viðhaldi gatna og stíga og umhirðu, en þetta eru atriði sem ekki rata inn í hverfisskipulag en eru samt mjög mikilvæg í því að bæta hverfin og borgina. Slíkum ábendingum og athugasemdum verður komið til viðkomandi eininga og sviða með því að veita fulltrúum þeirra aðgang að niðurstöðum samráðsins.

Nefna verður að oft heyrast þær raddir að samráð hafi lítinn tilgang vegna þess að það sé ekkert farið eftir því. Til þess að koma til móts við þessar gagnrýnisraddir þarf að útskýra hvernig unnið verður úr ábendingum borgarbúa til þess að byggja upp skilning og traust á samráðinu. Sem liður í þeirri vinnu munu niðurstöður samráðsins, ásamt útskýringum á því hvernig unnir er úr því, verða birtar á á heimasíðum hverfisskipulagsins innan skamms.

Í þeirri samantekt sem hér fylgir eru dregnar saman helstu niðurstöður en þessi samantekt á að auðvelda skoðun á ítargögnum sem eru skýrslur Gallup, miðasjá hverfisskipulagsins, og annað upplýsingaefni um íbúafundi.

Í áframhaldandi vinnu við mótun á tillögum að hverfisskipulagi eru þeir aðilar sem fá aðgang að þessu efni beðnir um að rýna þessa skýrslu og ítarefni og taka tillit til þess sem þar kemur fram við mótun á endanlegri tillögu að hverfisskipulagi.







3. Aðferðarfræði

3.0 Yfirlit

Í þessum kafla verður farið yfir skipulag samráðsins og hvaða aðferðum var beitt við það. Eins áður hefur komið fram var samráðinu ætlað að ná til fjölmargra aðila sem til hagræðis eru flokkaðir í þrjá hópa:


- Íbúar og hagsmunaaðilar í borgarhlutanum.
- Einingar og svið Reykjavíkurborgar sem hverfisskipulagið snertir.
- Opinberar stofnanir og fyrirtæki sem hafa þarf samráð við samkvæmt lögum.

Í samráði við þessa hópa var beitt nokkrum aðferðum sem lýst verður nánar á eftir. Samráðinu er sérstaklega ætlað að gefa þessum aðilum rödd í skipulagsferlinu samhliða því að leita eftir góðum hugmyndum sem stuðlað geta að betra og vistvænna hverfisskipulagi. Mynd 3.1 lýsir því hvernig samráðið var byggt upp og skipulagt í tímaröð.

Auk þess ber að geta þess að liður í samráði er upplýsingagjöf um verkefnið á heimasíðum, samfélagmiðlum og í fjölmiðlum en gerð er grein fyrir þeim þætti í lok þessa kafla.

Mynd 3.1

Skýringarmynd sem sýnir hvernig samráðið var skipulagt og raðað niður í tímaröð. Í upphafi var samráðið opið en þrengist eftir því sem leið á ferlið. Leitast var við að tengja samráðið við þá verkþætti sem voru í gangi hverju sinni.



3.1 Íbúar og hagsmunaaðilar

Einn mikilvægasti hópurinn sem samráðinu var ætlað að ná til voru íbúar og hagsmunaaðilar í hverfunum. Eins og gefur að skilja er þetta samsettur hópur bæði hvað varðar aldur, áhugasvið og þarfir. Við skipulag samráðsins höfðu komið fram ábendingar um að hefðbundnir íbúafundir með kynningum, framsögum og fyrirspurnum næðu ekki að virkja íbúa nægilega vel. Sérstaklega var þar horft til aðferða sem næðu betur til barna og ungmenna, barnafjölskyldna og eldri borgara en allt eru þetta mikilvægir aðilar í hverju hverfi. Bent var á að

hefðbundnir íbúafundir henta ekki þessum hópum sérlega vel. Hefðbundnir íbúafundir voru hins vegar taldi henta betur miðaldra fólki með sterkar skoðanir sem er fært í að tjá sig með framsögu á opinberum fundum. Þess vegna voru innleddar nokkrar nýjungar í samráði sem höfðu þann tilgang að ná til sem flestra og gefa þeim rödd í skipulagsferlinu, en farið verður yfir þessar aðferðir á eftir. Aðferðunum má þó skipta í fimm hluta:

- Fundir með hverfisráði
- Viðvera í hverfinu
- Rýnihópar Gallup
- SKAPANDI SAMRÁÐ „Planning for Real“ í hverfum
- Íbúafundir fyrir alla í tengslum við SKAPANDI SAMRÁÐ

3.1.1 Fundir með hverfisráði

Mikilvægur samstarfsaðili við gerð hverfisskipulags var hverfisráðið í borgarhlutanum. Áætlanir um framkvæmd vinnu við hverfisskipulag voru kynntar fyrir hverfisráðinu á fundum ráðsins. Þar var leitað eftir álit ráðsmanna og einstökum atriðum. Einnig voru hugmyndir um helstu áherslur og tillögur sem ráðgjafateymi voru að þróa fyrst kynntar fyrir hverfisráði áður en þær voru kynntar fyrir íbúum. Á vinnslutíma hverfisskipulagsins var fundað nokkrum sinnum með hverju hverfisráði, sjá nánar umfjöllun í 4 kafla þar sem farið er yfir samráðsferlið.

3.1.2 Viðvera í hverfinu

Til að ná til sem flestra íbúa í borgarhlutanum voru verkefnisstjórar hverfisskipulagsins með viðveru í hverfinu á vinnslutíma skipulagsins. Þessi viðvera var skipulögð í samstarfi við starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar í borgarhlutanum og auglýst sérstaklega í fjölmiðlum. Tilgangur viðverunnar var að koma á framfæri upplýsingum um skipulagsvinnuna og leita eftir ábendingum og hugmyndum um úrbætur frá íbúum, í beinum samtölum við íbúa. Verkefnisstjórar hverfisskipulagsins voru með viðveru í borgarhlutanum þegar verklýsing hverfisskipulags

var í kynningu og í tengslum við auglýsta íbúafundi. Nánar er gerð grein fyrir viðveru í kafla 4.

3.1.3 Rýnihópar Gallup

Þegar ráðgjafateymi voru komin með drög að stefnumótun og framtíðarsýn fyrir borgarhlutana og áður en komið var að íbúafundum var Gallup fengið til að vera með rýnihópa til að fá fram viðhorfa íbúanna til þessara hugmynda. Hugmyndin á bak við rýnihópana var að gera fulltrúum borgarinnar og ráðgjöfum kleift að setja sig í spor íbúa úr borgarhlutanum og skoða viðhorf þeirra til þéttingarsvæða, hverfiskjarna, samgöngumála, grænna áhersla og skilmálagarðar fyrir núverandi byggð.

Rýnihóparnir fóru þannig fram að fylgst var með hópi fólks ræða þær hugmyndir sem verið var að meta þar sem nærvera frá fulltrúum borgarinnar og ráðgjafa hafði ekki áhrif á umræðuna. Rýnihóparnir fóru fram í þægilegu og óþvinguðu umhverfi í húsakynnum Gallup. Umræðustjóri, sem er frá Gallup, sá um að stýra umræðum. Má lýsa framkvæmdinni sem óformlegu samtali fámenns hóps þátttakenda þar sem umræðustjórinn kynnti hugmyndir að hverfisskipulagi með glærusýningu á skjávarpa og leiddi umræðurnar. Umræðurnar í hópunum stýrðust af skilgreindum ramma og voru verkefni eða leikir notaðir þegar við átti til að auka samskiptaflæði og fá fólk til að hugsa á ferskan hátt um viðfangsefnið.

Hópaskipting var ákveðin í samráði Reykjavíkurborgar og Gallup og tók mið af því að þátttakendur í hverjum hópi væri á svipuðum aldri. Þannig voru búnir til fjórir til fimm hópar úr

hverjum borgarhluta þar sem þátttakendur voru að jafnaði átta til tíu talsins, ýmist á aldrinum 20 – 35 ára; 35 – 55 ára; 55 – 70 ára eða 67 ára og eldri. Yngstu þátttakendurnir voru rétt um tvítug en þeir elstu á nírhólsaldri. Samkvæmt þeirri aðferðarfræði sem Gallup starfar eftir er reynt að hafa aldursmun þátttakenda í rýnihópum ekki mikinn. Þetta er gert til að koma í veg fyrir árekstra á milli kynslóða vegna aldurs, reynslu eða þekkingar. Einnig bera að nefna að íbúar á ólíkum aldri nota mismunandi þjónustu s.s. leikskóla, grunnskóla, vegakerfi, almenningsamgöngur, velferðarþjónustu o.s.frv. Gallup sá um að bjóða íbúum þátttöku í rýnihópunum og var það gert með því að hringja í íbúa eftir slembiúrtaki. Hver rýnihópur tók um eina og hálf klukkustund og fengu þátttakendur gjafabréf í lokin sem þakklætisvott fyrir veitta aðstoð.

Gallup leggur mikla áherslu á að viðskiptavinurinn fylgist með umræðum hópanna, en það er gert á skjá í öðru rými með vitund og vilja þátttakenda í rýnihópunum. Auk þess voru umræður teknar upp en starfsmaður Gallup gerði síðan orðrétt afrit af samræðum í rýnihópnum ásamt stuttum úrdrætti sem afhent var fulltrúum hverfisskipulagsins og notað við úrvinnslu og áframhaldandi tillögugerð.

Mynd 3.2

Mynd sem sýnir dæmigerðan rýnihóp að störfum.

3.1.4 Skapandi samráð

Við vinnu að nýju hverfisskipulagi fyrir öll hverfi borgarinnar var ákveðið að byggja á samráðsaðferðinni *Planning for Real*, sem á uppruna sinn í Bretlandi, en við framkvæmd verkefnisins í Reykjavík var kölluð *Skapandi samráð*. Hugmyndafræðin að baki *Planning for Real* er að skapa grundvöll fyrir samráði við íbúa og nýta sérfræðiþekkingu þeirra á nærumhverfi sínu. Til að undirbúa verkefnið kom einn af frumkvöðlum aðferðarfræðinnar, Margaret Wilkinson til landsins haustið 2015 og hélt námskeið fyrir lykilstarfsmenn hverfisskipulagsins, en Wilkinson hefur þróað og unnið með *Planning for Real* aðferðina í hart nær fjórtíu ár og haldið námskeið víða um heim.



3.1.5 Skapandi samráð – hugmyndafræðin

Grunnhugmynd Planing for Real og skapandi samráðs er að fá íbúa (oft börn) til að hjálpa til við að búa til einfalt módel af sínu hverfi, sem svo er notað sem samráðstæki á íbúafundum. Gestum fundarins er þá boðið að koma á framfæri sínum athugasemdum með því að leggja litla miða með hugmyndum inn á módelið á þann stað sem við á. Hver miði er svo í fundarlok skráður í gagnabanka sem nýtist við áframhaldandi skipulagsvinnu. Kostirnir við þessa aðferðafræði eru m.a.:

Mynd 3.3

Mynd af Margaret Wilkinson og verkefnistjórum á námskeiði um Planning for Real aðferðarfræðina.



- Módelvinna barna/íbúa hverfisins vekur athygli á verkefninu og gefur íbúunum hlutdeild í því.
- Tækifæri eru til að koma fleiri skoðunum á framfæri en heyrast á hefðbundnum íbúafundum.
- Auðveldara er fyrir þá sem eru óframfærnir, feimnir eða finnst óþægilegt að viðra skoðanir sínar opinberlega að koma hugmyndum sínum á framfæri þar sem ekki þarf að gera það munnlega.
- Módelin eru meðfærileg svo auðvelt er að setja þau upp hvar sem er og færa þannig fundina nær íbúum eða einstökum hópum sem óskað er eftir hugmyndum frá.
- Skráning á niðurstöðum funda (þ.e. miðunum sem lagðir eru á módelið) er fljótleg og auðvelt er að miðla þeim á aðgengilegan hátt til almennings og annarra sem málið varðar.
- Aðferðin styrkir beint íbúalýðræði.

Í köflum 3.1.6 til 3.1.9 verður verður framkvæmd samráðsferlisins skapandi samráðs útskýrð nánar.

3.1.6 Skapandi samráð – módelgerð í grunnskólum

Leitað var eftir samstarfi við grunnskólana í hverjum borgarhluta við módelgerðina og úr varð að nemendur í sjötta bekk í hverfisskólunum bjuggu til módel af sínu skólahverfi. Auðvelt

var að fá flesta skóla til samstarfs enda sáu skólastjórnendur og kennarar talsverð tækifæri í þessari vinnu fyrir nemendur sína til óhefðbundins náms og fræðslu um umhverfi sitt, s.s. um samfélags-, umhverfis- og samgöngumál. Það ríkti því almenn ánægja með verkefnið innan skólanna sem tóku þátt í því. Módelvinnan tók um það bil vikutíma í hverjum skóla og var unnin undir handleiðslu starfsmanna umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur með aðstoð kennara á hverjum stað.

Starfsmenn hverfissskipulagsins hittu kennara og skólastjórnendur í hverjum skóla á fundi nokkrum dögum áður en vinna barnanna við módelgerðina hófst. Þar var verkefnið kynnt, tilgangur þess og markmið og aðkoma grunnskólanemanna að því en starfsmenn skólanna settu svo upp tímaáætlun fyrir vinnuna í samráði við starfsmenn hverfissskipulagsins.


Við upphaf vinnunnar í hverjum skóla var byrjað á að halda stutt fræðsluerindi fyrir nemendur um arkitektúr, skipulagsmál og umhverfismál. Starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs sáu um fræðsluna og var hvert erindi u.þ.b. 10-15 mínútna langt en að þeim loknum var hafist handa við módelgerðina.

Sigurður Halldórsson módelsmiður var fenginn til að útbúa módelgrunna í skalanum 1:500. Borginni var reitaskipt þannig að hver reitur sem var 250×350 m að raunstærð var 50×70 cm fleki í módelinu. Hvert módel var því útbúið þannig að það samanstóð af mismörgum 50×70 cm flekum, allt eftir stærð hvers skólahverfis. Með þessu móti var módelið meðfærilegt,

auðvelt að geyma það og flytja í kössum sem voru sérstaklega útbúnir fyrir það og einfalt að ákvarða hvernig skipta ætti hverjum borgarhluta milli grunnskóla og ganga úr skugga um að engin svæði yrðu út undan. Módel flekarnir voru búnir til úr foam-plötum og frauðplasti og komu með áprentuðu korti úr landupplýsingakerfi Reykjavíkur, sem sýndi allar götur, stíga, hús og önnur mannvirki. Húsin á módelin voru teiknuð í viðeigandi stærðarhlutföllum og prentuð á litaðan pappír. Litir húsanna tóku nokkurn veginn mið af litum landnotkunarflokka í Aðalskipulagi Reykjavíkur, þ.e. íbúðahús voru fjólublá, verslunar- og þjónustuhúsnæði var gult en húsnæði samfélagsþjónustu var rautt.

Nemendur í skólunum máluðu módelin með akrýlmálningu, klípptu húsin út úr pappír, brutu þau saman og límdu á módelið. Að lokum útbjuggu þeir tré og gróður úr vatt- og trékúlum og tannstönglum.

Við lok módelgerðarinnar í hverjum skóla voru haldnir svokallaðir *valfundir* þar sem nemendurnir sem útbjuggu módelið fengu tækifæri til að koma á framfæri eigin hugmyndum/athugasemdum um framtíðarsýn og úrbætur í hverfinu. Það gerðu þeir með því að leggja miða með hugmyndum úr sérstöku miðakerfi skapandi samráð, sem lýst verður í kafla 3.1.7. Þessa miða skráðu svo starfsmenn hverfissskipulags í gagnagrunn. Nánar verður sagt frá gagnagrunninum í kafla 3.1.8. Þessir valfundir nemenda fylgdu sömu grundvallaraðferð við notkun miðakerfisins og beitt var á íbúafundum sem haldnir voru í kjölfar módelgerðarinnar þó



Mynd 3.4

Módelgrunnar í skalanum 1:500 sem notaður var í vinnunni.

valfundir nemendanna hafi verið talsvert styttri en íbúafundirnir.

3.1.7 Skapandi samráð – miðakerfi

Sérstakt miðakerfi var útbúið fyrir skapandi samráð sem notað var á samráðsfundum með íbúum. Fundargestir gátu valið miða með tilbúnum hugmyndum/athugasemdum eða tekið tóma miða og skrifað á þá eigin hugmyndir og lagt á viðeigandi stað á módelið sem grunnskólanemar höfðu gert.

Miðakerfi skapandi samráðs byggði að miklu leiti á grunni sem Margaret Wilkinson, einn af frumkvöðlum aðferðafræðinnar

Planing for Real, sendi verkefnisstjóra hverfisskipulags. Sá grunnur var þýddur, staðfærður og tekið úr honum og bætt við eftir aðstæðum. Miðakerfinu var skipt í sex yfirflokka og útbjó Múlalundur sérstakar möppur fyrir miðakerfið. Á íbúafundum var möppunum raðað á borð í kringum módelin, tvær til þrjár möppur fyrir hvern yfirflokk svo fleiri kæmst að í einu til að skoða hugmyndirnar í hverjum flokki.

Í möppu hvers aðalflokks voru á bilinu 15-35 miðar með fyrirfram skráðum hugmyndum auk þess sem í hverjum flokki voru auðir miðar merktir *þín hugmynd* þar sem gestum gafst færi á að skrá eigin hugmynd undir hvern yfirflokk. Hver flokkur hafði sinn litakóða og voru miðarnir prentaðir á pappír í viðeigandi lit. Einnig voru í boði auðir miðar í hlutlausum lit en þeir voru ætlaðir hugmyndum sem fólk gat ekki fundið stað innan þessara sex yfirflokka.

Yfirflokkarnir og litir þeirra voru:

- Mennta-, íþróttá- og tómstundamál (dökkbláir miðar)
- Menningar- og félagsmál (ljósbláir miðar)
- Verslun og þjónusta (bleikir miðar)
- Umhverfi og náttúra (grænir miðar)
- Húsnæðismál (gulir miðar)
- Samgöngur (rauðir miðar)

Yfirflokkunum var skipt niður í nokkra undirflokka og hverjum miða gefið númer sem gaf til kynna yfirflokk og undirflokk tiltekins miða. Undirflokkarnir voru þó ekki sýnilegir notendum

á íbúafundunum enda frekar hugsaðir til hagræðis við skráningu og úrvinnslu gagnanna og framsetningu niðurstaðna.

Ekki var í öllum tilfellum augljóst undir hvaða yfirflokk einstakar hugmyndir ættu að heyra. Í endanlegri útgáfu miðakerfisins var horft til þess að yfirflokkarnir yrðu ekki of margir og að enginn flokkur yrði of stór eða yfirgripsmikill enda mikilvægt fyrir aðferðafræðina að miðakerfið sé aðgengilegt og auðskiljanlegt. Miðakerfinu má heldur ekki vera of þröngur stakkur skorinn þannig að þátttakendum finnist að einungis sé sóst eftir tilteknum hugmyndum en ekki öðrum. Mikilvægt er að íbúar upplifi að öllum skoðunum sé fagnað í ferlinu og að úrval fyrirfram skráðra hugmynda geti um leið kveikt nýjar hugmyndir.

3.1.8 Skapandi samráð – íbúafundir

Íbúafundir voru haldnir í öllum borgarhlutunum þegar módelsmíðinni var lokið í skólunum. Allur gangur var á því hversu snemma eftir módelsmíðina fundirnir voru haldnir. Einn fundur var haldinn aðeins viku seinna en oftast liðu nokkrar vikur eða mánuðir frá módelvinnu í skólunum að íbúafundum. Það sem helst réð tímasetningu íbúafundanna var hvenær hugmyndir ráðgjafa að stefnumótun og framtíðarsýn borgarhlutans voru tilbúnar og hvenær módelgerð var lokið í hverjum borgarhluta.

Yfirleitt var sá háttur hafður á að halda einn íbúafund í hverju hverfi og að vera með fundinn í viðkomandi hverfisskóla eða að tvö hverfi innan sama borgarhluta hefðu sameiginleg fund. Í einhverjum tilfellum var haldinn einn íbúafundur fyrir allan borgarhlutann. Fyrsti íbúafundurinn var haldinn í Ártúnsskóla fyrir íbúa Ártúnsholts, í beinu framhaldi af módelgerðinni þar, en Ártúnsskóli var fyrsti skólinn til að taka þátt í skapandi samráði. Líta má á þann íbúafund sem prófun á aðferðum skapandi samráðs.

Til fundanna var boðað með dreifibréfi sem sent var inn á öll heimili í viðkomandi hverfi. Hengdar voru upp

Mynd 3.5

Yfirlit yfir miðakerfi skapandi samráðs.

Mennta-, íþrótt- og tómstundamál <ul style="list-style-type: none"> • Menntamál • Tómstundamál • Íþróttamál • Þín hugmynd. 	Menningar- og félagsmál <ul style="list-style-type: none"> • Aðstaða og aðgegni • Dýrahald • Menning og listir • Velferð • Öryggi • Þín hugmynd 	Verslun og þjónusta <ul style="list-style-type: none"> • Matur og drykkur • Önnur þjónusta • Annað • Þín hugmynd
Umhverfi og náttúra <ul style="list-style-type: none"> • Ræktun • Gróður og garðar • Sorp og mengun • Þín hugmynd 	Samgöngur <ul style="list-style-type: none"> • Akandi umferð • Gangandi og hjólandi • Almenningsamgöngur • Annað • Þín hugmynd 	Húsnæðismál <ul style="list-style-type: none"> • Húsnæði sem vantar • Heimildir til breytinga • Verndun • Annað • Þín hugmynd

auglýsingar á áberandi stöðum í hverju hverfi. Skólastjórendur sá um að kynna íbúafundi með netpósti og hverfisráð og íbúasamtök kynntu viðburði á samfélagsmiðlum. Auk þess voru keyptar útvarpsauglýsingar fyrir nokkra íbúafundi. Þessu til viðbótar voru íbúafundirnir kynntir á heimasíðum hverfisskipulagsins og Reykjavíkuborgar og á tiltækum samfélagsmiðlum. Þannig má segja að allmikið hafi verið lagt í að kynna þessa viðburði vel.

Hver íbúafundur hófst síðan með því að Ævar Harðarson, verkefnisstjóri hverfisskipulags, setti fundinn og sagði stuttulega frá fyrirkomulagi fundarins. Fyrirkomulag allra íbúafunda var með svipuðum hætti og í grunninn má segja að fundarfyrirkomulagið hafi byggt á fjórum meginatriðum:

- Á veggjum voru hengd veggspjöld þar sem kynntar voru hugmyndir ráðgjafahópa að stefnumótun fyrir hvern borgarhluta.
- Í miðju fundarrýminu var módeli stillt upp sem nemendur í hverfinu/borgarhlutanum höfðu gert og á borðum í kring um módelið lágu möppur með miðakerfi sem fundargestir gátu notað til að koma hugmyndum sínum á framfæri á módelinu.
- Á íbúafundi mættu fulltrúar ráðgjafahópa og starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs og gátu fundargestir beint spurningum og athugasemdum til þeirra í óformlegu spjalli á gólfinu.

- Afrit af stefnumótunarhugmyndum ráðgjafahópa, sem til sýnis voru á veggspjöldum á fundinum, var dreift til fundargesta á A4 úthendum og þeir beðnir um að gefa einstökum hugmyndum einkunn með lituðum límmiðum eða túspennum; grænn (fylgjandi hugmynd), gulur (hvorki fylgjandi né andvíg/ur hugmynd) eða rauður (andvíg/ur hugmynd). Það var undir hverjum og einum komið hvort viðkomandi gaf öllum hugmyndum einkunn eða bara þeim sem hann/hún hafði sterkasta skoðun á. Þessari aðferð var ekki beitt á fyrstu fjórum íbúafundunum, þ.e. í Ártúnsholti, neðra Breiðholti, Seljahverfi og efra Breiðholti. Þar var fundargestum gefinn kostur á að skrifa skoðanir sínar á hugmyndum ráðgjafahópa á flettistöflum, en sú aðferð þótti ekki nógu skilvirk.

Fundirnir stóðu í eina og hálf klukkustund og voru allir haldnir eftir kvöldmatarleiti á virkum dögum nema fundurinn í Efra-Breiðholti sem haldinn var á laugardagseftirmiðdegi.

Fundargestir gátu nýtt sér miðakerfið og módelið til að bregðast við hugmyndum ráðgjafateyma, sem kynntar voru á veggspjöldum á fundinum en einnig komið á framfæri ýmsum öðrum hugmyndum og athugasemdum sem þeir kunnu að hafa um hverfið, hvort sem þær tengdust hverfisskipulagi beint eða óbeint. Þátttakendur gátu sett eins marga miða á módelið og þeir kusu og engin krafa var gerð um að viðkomandi sett nafn sitt við hugmyndina/athugasemdina. Þannig

Mynd 3.6

Dæmigerður íbúafundur þar sem veggspjöld hanga á veggjum, módel er á miðju gólfi, ráðgjafar og starfsmenn svara fyrirspurnum og leiðbeina og íbúar gefa hugmyndum að stefnumótun og framtíðarsýn einkunnir, sbr. lið 4 fyrir ofan.



söfnuðust heilmiklir gagnabankar um hugmyndir íbúanna um nauðsynlegar úrbætur í hverfunum og um framtíðarsýn íbúanna.

Í fundarlok skráðu starfsmenn hverfisskipulags niður allar athugasemdir og hugmyndir sem lagðar höfðu verið á módelið í rafrænan gagnagrunn sem sérstaklega var útbúinn fyrir hverfisskipulagið. Staðsetning hvers miða var skráð í gagnagrunninn með gps hnit. Úr gagnagrunninum er svo mögulegt að kalla fram þær upplýsingar sem skráðar hafa verið með ýmsum síunarmöguleikum. Nánar verður sagt frá gagnagrunninum í næsta kafla.

3.1.9 Skapandi samráð – miðasjá

Allir miðar sem lagðir voru á módelin, hvort sem var á valfundi nemenda eða á íbúafundum í hverfunum, voru í fundarlok skráðir í rafrænan gagnagrunn sem sérstaklega var útbúinn fyrir hverfisskipulagið og kallaður hefur verið *Miðasjá*. Skráning í grunninn er eingöngu opin fyrir starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs sem vinna að hverfisskipulagi

Grunnurinn byggir á kortavef frá Mapbox sem bíður upp á að hægt sé að gefa hverjum miða sem lagður hefur verið á módel gps-hnit með nokkurri nákvæmni. Hver miði hefur sitt einstaka númer sem hann er skráður eftir og mögulegt að skrá aukalegar athugasemdir ef slíkar athugasemdir voru handskrifaðar á viðkomandi miða, sem oft kom fyrir. Í miðasjónni er því hægt að kalla fram alla miða sem lagðir hafa verið á módelin auk þess sem hægt

Mynd 3.7
Mynd sem sýnir uppbyggingu miðasjár.

er að sía niðurstöðurnar á ýmsan máta, t.d. eftir yfirflokkum, undirflokkum eða einstökum miðum eða eftir tilteknum svæðum s.s. borgarhlutum, hverfum eða öðrum afmörkuðum svæðum.

Sérstakan aðgang þarf að fá að miðasjónni til að geta leitað í gagnagrunninn eftir öllum áður nefndum síunaraðferðum og hafa starfsmenn hverfisskipulagsins slíkan aðgang auk ráðgjafahópanna sem vinna tillögur að hverfisskipulagi og annarra lykilaðila í vinnunni sem málið varðar. Einfaldari útgáfa af miðasjónni hefur einnig verið tengd við heimasíðu hverfisskipulagsins, sjá hverfisskipulag.is, þar sem hver sem er getur skoðað alla miða sem skráðir hafa verið í miðasjónni og síað niðurstöður eftir hverfum og yfirflokkum.



Mynd 3.8
Mynd frá sýningunni í Tjarnarsal ráðhússins.



3.2 Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar

Víðtækt samráð var haft við einingar og svið Reykjavíkurborgar. Þetta samráð fór annars vegar fram með upplýsingamiðlun í formi fræðsluerinda þar sem verkefnistjóri hverfisskipulags kynnti verkefnið og helstu áherslur. Hins vegar var leitað eftir því að þær einingar og svið sem hverfisskipulagið var talið snerta tilnefndu fulltrúa sem tækju að sér ákveðin verkefni um þau málefni sem snerti þeirra sérsvið og þörf væri á að taka tillit til í vinnunni. Meginhlutverk þessara sérfræðinga var að:

- Veita faglega ráðgjöf og upplýsingar um þá málaflokka sem þeir eru fulltrúar fyrir í vinnu við hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum.
- Taka þátt í kynningu og svara fyrirspurnum á íbúafundum í borgarhlutunum um sína málaflokka.
- Taka þátt í þátt í mótun skilmála um sína málafloka og sinna faglegri rýni á lokaafurðum hverfisskipulagsins.

3.3 Lögbundið samráð

Samráð var haft við eftirfarandi umsagnaraðila meðan á vinnu við tillögu að hverfisskipulagi stóð:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Nærliggjandi sveitarfélög
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins
- Heilbrigðiseftirlit
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðina
- Veðurstofu Íslands
- Strætó bs.
- Veitur og Lagnir (fyrirtæki Orkuveitunar)
- Aðrar hlutaðeigandi stofnanir eftir atvikum

Samráðið fór þannig fram að skipulagsgögn voru send þessum aðilum til umsagnar.

3.4. Upplýsingamiðlun um verkefnið

Litið er svo á að mikilvægur liður í samráði sé upplýsingamiðlun um hverfisskipulagið. Við þá upplýsingamiðlun hefur verið beitt nokkrum aðferðum sem taldar eru upp hér fyrir neðan:

- Heimasíða hverfisskipulagsins www.hverfisskipulag.is, en heimasíðan hefur verið í stöðugri þróun allan vinnslutíma skipulagsins. Heimasíðan er nátengd heimasíðu Reykjavíkurborgar þar sem gagnkvæm fréttamiðlun um skipulagsmál fer fram.
- Upplýsingamiðlun á Facebook-síðum hverfisskipulagsins, Reykjavíkurborgar, hverfisráða og íbúasamtaka.
- Sýningar á afurðum hverfisskipulagsins þar sem tilgangurinn er að veita upplýsingar og m.a. vekja athygli fjölmiðla á hverfisskipulaginu. Einn slíkur viðburður var haldinn 9. til 15. júní 2016 í Tjarnarsal Ráðhússins.
- Umfjöllun um verkefnið í fjölmiðlum

Nánar verður gerð grein fyrir framkvæmd upplýsingamiðlunar í kafla 4.





4. Samráðsferlið

4.0 Yfirlit

Við mótun á tillögum að hverfisskipulag fyrir hverfi borgarinnar hefur verið leitastað eftir hugmyndum og álitum frá eftirfrandi hópum:

- Íbúum og hagsmunaaðilum í hverfunum
- Stjórðing Reykjavíkurborgar þm., einingar og svið ábyrg fyrir málaflokkum
- Opinberar stofnanir og fyrirtæki sem hverfisskipulagið varðar.
- Aðrir hagsmunaaðilar.

Auk þessa hefur hverfisskipulagið verið kynnt og rætt við fjölda annara aðila s.s. fulltrúa fjölmennningar, eldri borgara, grunnskóla, framhaldsskóla og fulltrúa frá háskólum til að nefna þá helstu. Þess bera að geta að meðan á vinnuni fyrir fjóra borgarhluta hefur staðir hafa verið haldnir 281 fundur og samráðsviðburðir, en rúmlega 1/4 þessara viðburða tengjast hverfisskipulagi fyrir Árbæjar með beinum og óbeinum hætti.

Framkvæmd samráðsins fylgdi vinnuferli hverfisskipulagsins sem skipt hafði verið upp í seks verkþáttir og sýnd er á meðfylgjandi skýringarmynd.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framkvæmd samráðsins, sem fylgir þeim verkferlum sem lýst er í mynd 4.1.

Í undirköflum er gerð grein fyrir samráði við áður nefnda þrjá hópa en frásögnin af viðburðum er í tímaröð. Myndir í kaflanum eru annars vegar ljósmyndir af viðburðum og myndir að hugmyndum og tillögum sem voru kynntar. Í viðauka er að finna frekari myndir og tillögum í heild sinni.

Þessi framsetning á að gefa greinargott yfirlit yfir það víðtæka samráð sem átt hefur sér stað við gerð hverfisskipulags fyrir hverfin í borgarhlutanum Árbæ.

Borgarhluti Áfangi	Hverfi Verkhlutar	Verkþættir	Afurð Skilagögn	Skilátími dags.	Vinna %	
BH nr. X	H 1	2.1.1. Endurskoðun verklýsingar	Ný verklýsing Lokaafurð 1. áfanga	kynning samþykkt	14 %	
		2.1.2. Stefnumótun - Framtíðarsýn	A1 plánsar	kynning samþykkt	24 %	
	H 2	2.1.3. Samráð	- Íbúapanell - "Planning for Real" - Íbúafundur osf.	Úrvinnsla samráðs	kynning samþykkt	10 %
	H 3		2.1.4. Skilmálar			
	H 4	2.1.5. Tillaga að hverfisskipulagi - uppdrættir - greinargerð - umhverfismat - skilmálar - stefnumótun - framtíðarsýn - skýringarmyndir	Nýir skilmálar Prófun á nothæfi	Lokaskil	kynning samþykkt	20 %
				Stöðuskil		
	2.1.6. Kynningar- og samþykktarferli		Lokaskil 2017	kynning samþykkt	27 %	
			Lokaskil 2017		5 %	

4.1 Íbúa og hagsmunaaðili í borgarhlutanum

Umfjöllunin í kafflanum er tengd þeim verkþáttum sem farið var í gegnum. Fyrst var unnið að endurskoðun verklýsinga og þær kynntar og síðan auglýstar. Þar á eftir hófst vinna við stefnumótun og framtíðarsýnar þar sem tvinnuð var inn margháttaðu samráði. Síðustu tveir verkþættirnir voru svo tillögu- og skilmálagerð.

4.2.1 Endurskoðun verklýsinga

Hér birtist yfirlit yfir samráð við íbúa og hagsmunaaðila meðan á endurskoðun verklýsinga fór fram:

Heimasíða og kynningarefni um hverfisskipulag

Samhliða því sem unnið var að endurskoðun verklýsingar fyrir hverfisskipulag í borgarhluta 7 Árbæ var opnum ný heimasíða fyrir hverfisskipulagið. Til þess að kynna þessa síðu var bæklingum dreift í öll hús í borgarhlutanum. Samhliða var væntanlegur íbúafundur borgarstjóra í Árbæ auglýstur.

Fundur borgarstjóra um hverfisskipulag

Fjölsóttan íbúafundur var svo haldinn í Árbæjarskóla miðvikudagur, 25. mars 2015. Þar flutti Dagur B. Eggertsson

Mynd 4.1

Skýringarmynd sem sýnir hvernig vinnu við hverfisskipulagið var skipt upp í verkþætti.

borgarstjóri ávarpaði og fór yfir viðhorf íbúa til þjónustunnar í hverfinu, fyrirhugaðar framkvæmdir og skóla- og frístundasamfélagið í Árbænum í heild sinni. Auk

borgarstjóra kynntu nokkur ungmenni úr frístundamiðstöðinni Tíunni lýðræðisverkefni sem þau hafa unnið að á undanförunum misserum. Ævar Harðarson kynnti hverfisskipulag í Árbænum og Björn Gíslason formaður Fylkis kynnti hugmyndir félagsins að uppbyggingu. Borgarstjóri fór yfir málefni hverfisins, þjónustu, framkvæmdir og fleira og svaraði spurningum.

Þess bera að geta að borgarstjóri færði skrifstofu sína í félagsmiðstöðina Ársel í heila viku eða frá 23. til 27. mars, sem hluta af því að kynna hverfisskipulag Árbæjar.

Viðvera verkefnisstjóra í borgarhlutanum

Verkefnisstjóra hverfisskipulags voru með viðveru í borgarhlutanum í tvo daga í þjónustumiðstöð Árbæjar í Hraunbæ frá kl. 16-18, fimmtudaginn 26. mars og í Bónus, Hraunbæ 121 á sama tíma föstudaginn 27. mars. Þar gafst íbúum tækifæri á að koma hugmyndum og athugasemdum um hverfisskipulag Árbæjar á framfæri. All nokkrir íbúar gerðu sér ferð til þess að ræða við verkefnisstjóra.

Auglýsing á endurskoðuðum verklýsingum

Eftir að endurskoðuð verklýsing hafði verið kynnt á íbúafundi borgarstjóra fór hún í efnislega umfjöllun hjá umhverfis- og skipulagsráði og var síðan samþykkt af Borgaráði 30. apríl 2015 í auglýsingu. Samhliða var verklýsing send til umsagna hjá opinbera stofnanir og fyrirtæki sem hafa þarf samráð við samkvæmt lögum..

Verklýsingin var auglýst í 4 vikur. Umsagnir og ábendingar sem borist höfðu á auglýsingartíma voru síðan teknar til efnislegrar meðferðar hjá USK – ráði 16. september 2015

4.2 2. Stefnumótun og framtíðarsýn

Þegar verklýsing hafði verið auglýst hófst vinna við næsta verkþátt sem var stefnumótun og framtíðarsýn fyrir borgarhlutan og einstök hverfi innan hans. Þessi vinna byggðist á efni í verklýsingum og hugmyndum sem borist höfðu á kynningartíma verklýsingar. Samráð við íbúa og hagsmunaaðila í þessum verkþætti var margháttuð er nánar lýst í kafla 4.2.3.

4.2.3. Samráð við íbúa og hagsmunaaðila í borgarhlutanum

Þegar drög að stefnumótun og framtíðarsýn fóru að verða til var leitað álits hverfisráðs og drög kynnt fyrir íbúasamtökum.

Í þessum fasa var ákveðið að fá Gallup til þess að prófa hugmyndir í rýnihópum áður en þær færu í opinbera umfjöllun, sjá yfirlit yfir rýnihópa fyrir aftan.

Rýnihópar Gallup í Árbæ

Í BH7 Árbæ voru haldnir fimm rýnihópar og fóru þeir fram á tímabilinu 16. nóvember til 24. nóvember. Hver rýnihópur tók um eina og hálf klukkustund. Mæting var ágæt eða frá 6 til 10 í hverjum hópi. Kynntar voru drög að framtíðarsýn fyrir öll hverfin í borgarhlutanum, sem tóku til þéttingarsvæða, hverfiskjarna, samgangnma, grænna áherls og skilmála fyrir núverandi byggð. Þessi drög voru kynnt með glærum á

skjávarpa og fylgdust ráðgjafar og fulltrúar Reykjavíkurborgar með umfæðum í örðu rými.

Í meginráttum voru nær allir þátttakendur frekar eða mjög jákvæðir gagnvart hugmyndum um breytingar og þéttingu bygðar að undanskildu rýnihópi úr Ártúnsholti. Þátttakendur sem voru búsettir í Ártúnsholtinu voru jákvæðir gagnvart breytingum í hinum hverfishlutunum en ekki gagnvart þéttingu í þeirra hverfi. Ástæða neikværar afstöðu rýnihóps úr Ártúnsholti mátti rekja til hugmynda um þéttingu við Rafstöðvarveg/Elliðaárdal en þeir töldu slík þétting gagna of nærri Elliðaárdalnum og mundi auka umferð um hverfið og þá sérstaklega Seiðakvíslina. Það var einnig minnst á að ef það væri byrjað að byggja þarna væri það ávísun á enn meiri byggð og enn meiri umferð. Það voru nokkuð sterk tilfinningaleg viðbrögð við þessum hugmyndum og voru aðeins tveir af tíu manna hópi úr Ártúnsholti sem töldu uppbyggingu á þessu svæði vera jákvæða og nefndu að umrætt svæði væri mikið til órækt.

Fram kom í flestum hópum að íbúar sóttu í miðju Árbæjar og voru mjög hrifnir af hugmyndum um að endurgera það svæði frá grunni sem hverfismiðju með menningarstarfsemi, verslunum og veitingarekstri.

Mjög vel var tekið í að gera Árbæjarsafni hærra undir höfði og að safnsvæðið gæti tengst betur hverfinu. Nokkrar hugmyndir komu fram í rýnihópunum um að koma þar fyrir bókasafni, aðstöðu fyrir viðburði allt árið um kring, vönduðu

kaffihúsi/veitingastað og fleira í þeim dúr. Slíkt myndi skapa skemmtilegra og betri hverfi.

Skapandi samráð í Ártúnsskóla

Ártúnsskóli var fyrsti skólinn sem tók þátt í skapandi samráði, sem fór fram 16. til 20. nóvember 2015. Þá unnu nemendur í 6. bekk við smíði á líkans af hverfinu. Við upphaf vinnunar fengu nemendur stutt fræðsluerindi um arkitektúr, skipulagsmál, vistvænar samgöngur og græn svæði í borginni. Fræðsluerindin voru haldin af starfsmönnum umhverfis- og skipulagssviðs og vinnu við módelgerðina var sömuleiðis stýrt af tveimur



Mynd 4.2

Valfundur nemenda í Ártúnsskóla þar sem þeir leggja miða á líkanið sem þeir hafa tekið þátt í að búa til.



Mynd 4.3

Nemendur í Ártúnsskóla við líkan af hverfinu sem þeir hafa tekið þátt í að fullklára.

starfsmönnum hverfisskipulagsins í samstarfi við kennara. Nemendur máluðu módelgrunninn, bjuggu til hús úr pappír og tré úr vattkúlum og tannstönglum. Rúmlega 20 börn tóku þátt í vinnunni í Ártúnsskóla.

Valfundur nemenda, þar sem börnin sem unnu að gerð módelnsins gátu komið á framfæri eigin hugmyndum um úrbætur og framtíðarsýn hverfisins, var haldinn í vikunni á eftir, fimmtudaginn 26. nóvember.

Íbúafundur í Ártúnsholti

Íbúafundur var haldinn 26. nóvember 2015. Fundurinn var ætlaður íbúum í Ártúnsholti og fór fram milli kl. 19.30 og 21.00.

Fundarformið var eins og lýst var í kafla 3.1.7 nema ekki var dreift afritum á A4 blöðum að drögum að framtíðasýn á veggspjöldum, eins og gert var á seinni íbúafundum. Þessi í stað gast íbúum kost á því að skrá ábendingar og athugasemdir á flettistöflur.

Módelgerðin í Ártúnsskóla og íbúafundurinn þar var fyrsta verkefnið af þessu tagi og einslags tilraun við að þróa aðferðir skapandi samráðs.

Á fundinn mættu um 40-50 manns og fór hann vel fram. Fjörugar samræður fóru fram í minni

Mynd 4.4

Íbúafundur í Ártúnsskóla. Mynd tekin 26. nóvember 2015.



hópum milli íbúa, ráðgjafa og starfsmanna hverfisskipulagsins. Margar áhugaverðar ábendingar voru skráðar á fletitöflur og í miðakerfi Skapandi samráðs.

Skapandi samráð í Árbæjarskóla

Módelgerð í Árbæjarskóla fór fram dagana 25. til 29. janúar 2016. Nemendur í 6. bekkjum unnu að gerð módelsins og var fyrirkomulag vinnunnar með sama sniði og í Ártúnsskóla.

Byrjað var á fræðsluerindum áður en módelgerðin hófst og var vinnunni stýrt af starfsmanni hverfisskipulagsins í samstarfi við kennara. Um það bil 40 börn tóku þátt í vinnunni í Árbæjarskóla.

Mynd 4.5

Nemendur í Árbæjarskóla við líkan af hverfinu sem þeir hafa tekið þátt í að fullklára.



Valfundur nemenda var haldinn í vikunni á eftir, fimmtudaginn 4. febrúar.

Mynd 4.6

Nemendur í Árbæjarskóla við líkan af hverfinu sem þeir hafa tekið þátt í að fullklára.

Skapandi samráð í Selásskóla

Módelgerð í Selásskóla fór fram dagana 8. til 12.

febrúar 2016. Nemendur í 6. bekk unnu að gerð módelsins og var fyrirkomulag vinnunnar með sama sniði og áður. Byrjað var á fræðsluerindum áður en módelgerðin hófst og var vinnunni stýrt af starfsmanni hverfisskipulagsins í samstarfi við kennara eins og í hinum skólunum. Um það bil 25 börn tóku þátt í vinnunni í Selásskóla.

Valfundur nemenda var haldinn í vikunni á eftir, fimmtudaginn 4. febrúar.



Mynd 4.7

Nemendur í Selásskóla við líkan af hverfinu sem þeir hafa tekið þátt í að fullklára.

Skapandi samráð í Norðlingaskóla

Módelgerð í Norðlingaskóla fór fram dagana 11. til 13. maí 2016. Nemendur í 6. bekkjum unnu að gerð módelisins og var fyrirkomulag vinnunnar með sama sniði og áður. Um það bil 40 börn tóku þátt í vinnunni í Norðlingaskóla.

Valfundur nemenda var haldinn 13. maí, í beinu framhaldi af því að módelgerðin kláraðist.

Íbúafundur I í íþróttahúsi Fylkis

Íbúafundur var haldinn í íþróttahúsi Fylkis 2. júní 2016. Fundurinn var ætlaður öllum íbúum borgarhlutans og fór fram milli kl. 19.30 og 21.00. Fundarformið var eins og lýst var í kafla 3.1.7. Mæting var léleg á fundin en talið er að um 20-30 íbúar hafi mætt á fundinn. Kvartað var undan því að íbúafundurinn

hefði ekki verið nógu vel auglýstur. En fleira kom til eins og tímasetning og gott veður þennan dag sem gæti úrskýrt lélega mætingu. Háværar deilur upphófust á fundinum m.a. um ástæður litlu mætingu sem leidd til þess vonda stemming skapaðist og niðurstöður urðu óviðunandi.


Íbúafundur II í Árbæjarskóla

Vegna lélegrar mætingar á íbúafundinn í íþróttahúsi Fylkis var ákveðið að halda annan íbúafund í borgarhlutanum. Sá fundur var haldinn í Árbæjarskóla 11. október 2016. Fundurinn var ætlaður öllum íbúum borgarhlutans og fór fram milli kl. 19.30 og 21.00. Fundarformið var eins og lýst var í kafla 3.1.7.

Mynd 4.8

Nemendur í Norðlingaskóla við líkan af hverfinu sem þeir hafa tekið þátt í að fullklára.



**Mynd 4.9**

Mynd frá íbúafundi í Fylkishöll.

Á fundinn mættu um 90-100 íbúar og fór hann vel fram og var stemming góð. Fjórlegar umræður fóru fram í minni hópum milli íbúa, ráðgjafa og starfsmanna hverfisskipulagsins. Mikill áhugi var á því að koma athugasemdum á ábendingum á framfærði í gegnum miðakefi hverfisskipulagsins. Einnig voru íbúar áhugasamir um að gefa stefnumótunarhugmyndum ráðgjafahópa, sem til sýnis voru á veggspjöldum einkunnir. Niðurstöðan var að þessi stemming á þessum íbúafundi hafi verið góð og hann vel heppnaður.

Sýning í Tjarnarsal Ráðhússins

Í tilefni þess að búið var að halda íbúafundi í öllum fjórum borgarhlutum var opnuð sýning á afrakstri hverfisskipulags fimmtudaginn 9. júní 2016 í Tjarnarsal Ráðhússins, en sýningin

var opin til miðvikudagsins 15. júní. Þar voru sýndar hugmyndir ráðgjafa að framtíðarsýn í Hlíðum, Háleiti- Bústöðum, Breiðholti og Árbæ ásamt líkönunum sem 6. bekkingar í hverfisskólum höfðu smíðað.

Á opunarhátíðina var boðið öllum 6. bekkingum sem tekið höfðu þátt í verkefninu og þeim veitt viðurkenning fyrir þátttökuna.

Á meðan á sýningunni stóð var viðvera allan tíma frá starfsmönnum USK. Töluvert rennsli var af fólki á sýninguna. Það voru hins vega mest erlendir ferðamenn sem voru komnir til að skoða Íslandslíkanið svokallaða sem tekur stóran hluta af Tjarnarsalnum þegar það er til sýnis. Giskað er á að hátt í 80% gesta á sýningunni hafi verið erlendir ferðamenn.

Mynd 4.10

Myndir frá fjölsóttum íbúafundi í Árbæjaskóla.



4.3 Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar

Víðtækt samráð var haft við fjölda aðila innan borgarkerfisins við gerð hverfisskipulags í þessum borgarhluta. Um var að ræða samráð við kjörna fulltrúa, fulltrúa í nefndum og ráðum, hverfisráði og fulltrúa eininga og sviða sem verkefnið tengdist.

Stýrihópur hverfisskipulags

Hluti af innra eftirlit með verkefninu var á höndum stýrihóps sem hafði það hlutverk að tryggir gæði skilagagna, fylgjast með framvindu og tryggja að tekið væri tillit til niðurstaðna úr samráði við íbúa. Í stýrihóp hafa setið borgarstjóri og kjörnir fulltrúar meirihluta ásamt embættismönnum. Frá því 2. áfangi hverfisskipulags hófst rétt eftir 2015 hefur stýrihópur verði með fastan fundartíma síðasta mánudag í hverjum mánuði. Fundirnir voru haldnir í Maríubúð á 3. hæð í Ráðhúsinu undir forystu Dags B. Eggerssonar borgarstjóra.

Umhverfis og skipulagsráð

Á vinnslutíma 2. áfanga hverfisskipulag (Jan 2015 – ágúst 2017) hefur verið fjallað um málefni tengt hverfisskipulagi á 25 fundum, sbr. lista yfir samráðsfundi og viðburði sem er að finna í viðauka.

Í upphafi voru verk- og tímaáætlanir ásamt áætlunum um samráð borið undir umhverfis- og skipulagsráð. Næsti liður í samráði við umhverfis- og skipulagsráð var síða að fjalla efnislega um skipulags- og matslýsingu eða það sem kallað er verklýsingar fyrir hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum.

Þessar verklýsingar voru kynnt og rætt í ráðinu sem síðan samþykkti að senda þæri í opibera kynningu.

Verklýsingar fyrir borgarhlutana Árbæ og Breiðholt fengum efnislega umfjöllun í umhverfis- og skipulagsráð á vormánuðum 2015. Verklýsing fyrir borgarhlutan Hlíðar fékk efnislega umfjöllun á haustmánuðum 2015. Verklýsing fyrir borgarhlutan Háleiti-Bústaði fékk síðan efnislega umfjöllun á fyrrihluta árs 2016.

Hugmyndir að framtíðarsýn fyrir borgarhlutana Árbæ, Breiðholt, Hlíðar og Háleiti- Bústaði voru kynntar og ræddar á vormánuðum 2016 samhliða íbúafundum úti í hverfumum sem fóru þá fram.

Niðurstöður úr samráði við íbúa voru kynntar fyrir umhverfis – og skipulagsráði. á haustmánuðum 2016 voru svo

Á vormánuðum 2017 var staðan í vinnunni við hverfisskipulags í borgarhlutana Árbæ, Breiðholt, Hlíðar og Háleiti- Bústaði kynnt fyrir ráðsmönnum. Jafnframt voru drög að skipulagsskilmálum kynntar.

Pegar vinnu við frágang tillögu að hverfisskipulagi fyrir einstök hverfi í áðurnefndum borgarhlutum er lokið verða þær kynntar og bornar upp til samþykktar í umhverfis- og skipulagsráði áður en þær verða lagðar út til opinberrar kynningar.

Einingar og svið Reykjavíkurborgar

Umfangsmikið samráð var haft við einingar og svið Reykjavíkurborgar, en 57 formlegir fundir og kynningar eru skráðar sem tengjast þessum aðilum sbr., lista yfir samráðsfundi og viðburði í viðauka.

Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar fór fram með tvennum hætti.

Annars vegar voru haldnir fjöldi kynningarfunda fyrir starfsmenn á einstökum deildum og sviðum í samráði við yfirstjórnendur.

Hins vegar fór samráðið þannig fram að þær einingar og svið sem talin voru hafa sérstakra hagsmuna að gæta í vinnu við hverfisskipulag voru beðin um að tilnefna sérfræðinga til að vinna með verkefnisstjórn hverfisskipulagsins til að sjá til þess að þeirra sjónarmið kæmust til skila í vinnuni.

Hér þykir rétt að nefna sérfræðinga borgarinnar á sviði skipulags- og byggingarmála, framkvæmda- og mannvirkjamála, umhverfismála, sorp- og endurvinnslumála, íþróttamála, velferðarmála, skóla- og frístundamála, menningar- og ferðamála o.fl.

Meginhlutverk þessara sérfræðinga var að:

- Veita faglega ráðgjöf og upplýsingar um þá málaflokka sem þeir eru fulltrúar fyrir til verkefnisstjórnar og ráðgjafahópa sem eru að vinna með hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum.

- Taka þátt í að móta og rýna tillögur að hverfisskipulagi í hverfunum.

Samráði við þessa sérfræðingar fór fram á vinnufundum verkefnisstjórnar hverfisskipulags og sérstökum vinnufundum með ráðgjöfum hverfisskipulags. En einnig með því að sérfræðingarnir unnu ákveðin verkefni. Yfirlit yfir þessa vinnufundi er ekki að finna í lista yfir samráðsfundi en minnispointar frá vinnufundum er í skjalasafni hverfisskipulags.

Hverfisráð í BH7 Árbær

Mikiðvægur hluti af smráði við gerð hverfisskipulags fyrir hverfin í Árbær fór í gegnum hverfisráð borgarhlutans. Samráðið fór þannig fram að verkefnisstjóri hverfisskipulags kynnti verk- og tímáætlanir áætlanir og fór yfir helstu hugmyndir sem voru í vinnslu á hverjum tíma á formlegum fundum hverfisráðsins. Þess á milli fundaði verkefnisstjóri með formanni og varaformanni hverfisráðs. Samkvæmt lista yfir samráðsfundi eru skráðir fundir verkefnisstjóra með aðilum úr hverfisráði Árbæjar 12 talsins.

4.5 Opinberar stofnanir og fyrirtæki

Samráð við opinberar stofnair og fyrirtæki var skipulagt með tvennum hætti. Annarsvegar var um að ræða samráð við aðila sem hafa það hlutverk að veita umsagnir um skipulagsgöng hverfisskipulagsin. Þetta eru aðilar eins og Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minnjastofnun, Vegagerðin, nærliggjandi sveitarfélög osf. Hins vegar er um að ræða aðila sem með beina hagsmun vegna eignarðildar eða umsjónar á ákveðnum þáttum á skipulagssvæðinu. Þetta eru aðilar eins Veitur og Lagnir, sem eru dótturfyrirtæki OU og Vegagerðin.

Aðilar með umsagnarhlutverk

Í upphafi vinnu við hverfisskipulag var leitað umsagna við skipulags- og matslýsingar og óskað eftir skriflegum umsögnum hjá eftirtöldu aðilum, sjá lista fyrir neðan:

- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Nærliggjandi sveitarfélög.
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.
- Heilbrigðiseftirlit.
- Minnjastofnun Íslands.
- Vegagerðina.
- Veðurstofu Íslands.
- Strætó bs.
- Orkuveituna (ON).
- Aðrar hlutaðeigandi stofnanir eftir atvikum.

Þegar tillaga að hverfisskipuagi verður tilbúin verðu hún send til umsagna hjá sömu aðilum.

Þess bera að geta að Skipulagsstofnum hefur einnig ráðgjefandi hlutverki að gegna, en stofnuni á að tryggja að þau gögn sem hverfisskipulagið lætur útbúa standist ákvæði skipulagslaga og reglugerða. Því hefur í vinnu við hverfisskipulagið verið haft nánara samráð við stofnunina m.a. með sérstökum fundum þar sem ákveðin mál hafa verið rædd. Í fundaryfirlit fyrir þennan málaflök eru skráðir 15 formlegir fundir og þarf af 5 fundir með Skipulagsstofnun.

Aðilar með hagsmuni í hverfnum

skrifa um Veitur og lagnir og Vegagerð

4.6 Kynningar og samráð við aðra

Verkefnisstjóri hverfisskipulags hefur haldið fjölda kynninga á hverfisskipulag fyrir aðila. sjá lista fyrir neðan.

4.7 Upplýsingamiðlun og samráð í gegnum vef, fjölmiðla og dreifipóst

Upplýsingum um hverfisskipulagið hefur verið komið reglulega á framfæri með eftirfarandi hætti:

- Á heimasíðu hverfisskipulagsins með helstu upplýsingum og möguleikum á að koma ábendingum á framfæri.
- Á Facebooksíðu verkefnisins.
- Upplýsingamiðlun í gegnum fjölmiðla.
- Gefið verður út prentað upplýsingaefni á vegum Reykjavíkurborgar.

Sérstaklega ber að nefna miðasjá hverfisskipulags.





5. Helstu niðurstöður samráðs

Gerð er grein fyrir niðurstöðum samráðs í borgarhluta 7 annars vegar fyrir allan borgarhlutann og hins vegar fyrir einstök hverfi.

Í samráðinu var beitt þrem mismunandi aðferður við að fanga skoðanir og viðhorf íbúa annars vegar til hugmynda sem kynntar voru í skipulagsferlinu og hins vegar hugmynda íbúa um aðgerir til bæta hverfin sín. Allar þessar aðferðir hafa kosti og galla sem hafa þarf í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar.

Fyrsta aðferðin var að fá rýnihópa íbúa úr hverfunum til að rýna og ræða frumhugmyndir að hverfisskipulagi, en Gallup sjá um framkvæmd rýnihópana. Niðurstöðurnar úr þeirri vinnu voru notaðar til að lagfæra hugmyndir sem síðan voru kynntar á íbúafundum.

Á íbúafundum var beitt tveim aðferðum til að fanga skoðunum íbúa bæði til hugmynda sem kynntar voru á veggspjöldum

og til eigin hugmynda íbúa um aðgerðir til að bæta hverfin. Fyrri aðferðin er svokölluð miðaaðferð en seinni aðferðin var skoðanakönnun en gerð er grein fyrir þessum aðferðum í kafla 3 í greinargerð um samráð, sem er fylgigagn hverfisskipulags í borgarhluta 7.

Fyrirvara þarf að setja við þær niðurstöður sem reyfaðar verða hér. Íbúar sem tjáðu sig um skipulagsmál í borgarhluta 7, hvort heldur um var að ræða rýnihópa eða íbúafundi var minnihluti íbúa. Í borgarhluta 7 voru 4 rýnihópar með 8 – 10 íbúum í hverjum rýnihóp eða um 40 mans en á alla þrjá íbúafundina mættu samtals um 170 – 190 mans en þetta er aðeins lítil hlut af þeim rúmlega 11 þúsund íbúum sem búa í öllum fjórum hverfum borgarhlutans. Öðru máli gengnir um þátttöku sjöttubekkinga í hverfisskólun en þar þar tóku nær allir nemendur í árganginum þátt í fundum þar sem þeir gátu komið skoðunum um skipulag í sínu hverfi á framfæri.

Þó svo að þau gögn sem skráð eru í miðasjá og skoðnakönnunum sé hægt að draga saman sem tölfræði þarf að setja fyrirvara við að nota gögnin á þann hátt bæði vegna þess hversu fáir íbúar létu í ljós álit sitt með þessum hætti og hins að úrvinnsluaðferðir eru en sem komið er ófullkomnar.

Samráðsaðferðirnar hafa þó dregið fram fjölbreyttar skoðanir íbúa á margvíslegum málum og gefur nokkuð góða vísbendingu um hvert þeir íbúar sem tóku virkan þátt í samráðinu vilja stefna. Rétt þykir að benda á á þó flestar hugmyndir sem sem koma fram tengjast beint skipulagsmálum er eitthvað um athugsemdir við viðhaldi og rekstir, en slíkum hugmyndum verður komið á framfæri við viðkomandi einingar og deildir Reykjavíkurborgar.



Yfirlit yfir skráðar niðurstöður

BH7 allir miðar eftir síun	nemendur	íbúar	samtals	%
Samfélag			330	30,1
Gæði byggðar			206	18,8
Samgöngur			296	27,0
Vistkerfi og minnjar			195	17,8
Orka og auðlindir			41	3,7
Mannvirki			30	2,7
Náttúrvá			0	0,0
Samtals			1098	100,0

Tafla 1. Yfirlit yfir skráða miða í miðasjá fyrir borgarhluta 7 Árbæ en miðarnir koma frá íbúafundum og valfundum með nemendum.

4.3 Ártúnsholt

Í úrvinnslu samráðs í Ártúnsholti hefur annars vegar verið horft til ákveðinna svæða og málefna sem aðalskipulagið mótar stefnu um og hins vegar til tillagna sem kynntar voru á íbúafundum og var fjallað um undir hinum sjö höfuðflokkum Gátlista um visthæfi byggðar. Fyrst í þessari samantekt er farið yfir áherslur frá aðalskipulagi en síðar er fjallað um málefni sem dregin eru fram undir höfuðflokkum Gátlista um visthæfi byggðar.

Stefna og áherslur aðalskipulags

Þ75 Ártúnsholt-Rafstöðvarvegur

Um er að ræða reit sem var afmarkaður í aðalskipulagi og farið fram á að kannað væri hvort þarna mætti þetta byggð í vinnu við hverfisSKIPULAG. Helstu niðurstöður eru þær að lítill áhugi er fyrir því að byggja íbúðir á þessum reit. Þess í stað vildu þeir sem tjáðu sig um reitinn varðveita trjágróður og friða hús en þarna eru ein hæstu og elstu sitkagrenitré borgarinnar og hús sem tilheyrðu gömlu rafstöðinni frá fyrrihluta 20. aldar.

Þ76 Ártúnsholt-Rafstöðvarvegur

Þetta er reitur þar sem áður fyrr voru sandgryfjur en aðalskipulagið gerir ráð fyrir að þarna mætti koma fyrir um 50 sérbýlishúsum. Um byggingu á þessum reit hafa verið skiptar skoðanir um tíma. Þeir sem helst hafa verið á móti byggð á reitnum eru íbúar við Seiðakvísl en þeir telja að byggð þarna muni auka umferð í gegnum þeirra hverfishluta. Þegar

niðurstöður úr rýnihópum og íbúafundum eru skoðaðar eru ívið fleiri af þeim sem tjáðu sig á móti því að byggð rísi þarna.

Nethylur - Stangarhylur

Þetta svæði er miðsvæði samkvæmt aðalskipulagi en hugmyndir sem kynntar voru á íbúafundum gerðu ráð fyrir að þróa byggðina og að leyfðar yrðu viðbyggingar og ofanábyggingar með íbúðum á efri hæðum. Þessar hugmyndir mæltust vel fyrir bæði í rýnihópum og á íbúafundum og engar skráðar athugasemdir komu fram.

Fastmótuð gróin byggð

Í rýnihópum og á íbúafundum var kynnt sú hugmynd að heimila eigendum fasteigna að skipta stórum sérbýlishúsum í tvær íbúðir. Fram kom bæði í rýnihópum og á íbúafundum að eitthvað væri um að eigendur hefðu þegar gert þetta. Hugmynd um að heimila þessa aðgerð í skilmálum hverfisSKIPULAGS hlaut mjög góðar viðtökur.

Borgarhlutakjarni

Í samráði voru kynntar hugmyndir um að efla borgarhlutakjarna við Hraunbæ 102 og við Ásinn í Árbæjarhverfi og efla þennan kjarna sem miðju borgarhlutans. Þessar hugmyndir mæltust mjög vel fyrir á öllum stigum samráðsins.

Nærþjónusta

Fram kom í rýnihópum og samtölum við íbúa að nærþjónusta í hverfinu væri afar takmörkuð og bæta þyrfti úr þessu. Helst fannst íbúum vanta kaffihús, veitingastað og bar. Athygli vakti

að fáar ábendingar komu fram um að það vantaði matvörubúð í hverfið.

Borgargötur

Hugmyndir um að gera Streng að borgargötu voru ræddar í rýnihópum og á íbúafundum. Íbúar höfðu ekki miklar skoðanir á þessum hugmyndum en meirihluti þeirra sem tjáði sig var jákvæður fyrir hugmyndunum. Fram komu hugmyndir um að samfara því að gerð yrði borgargata yrðu opin svæði lagfærð, komið upp rafhleðslustöðvum og lýsing bætt til nefna það helsta.

Hjólreiðar

Hugmyndir um hjólreiðar fengu nokkra umfjöllum. Meðal þess sem kom fram var að aðskilja hjóla- og göngustíga og að bæta hjóla- og göngustígatengsl við Árbæ með úrbótum á undirgöngum undir Höfðabakka og með nýrri hjóla- og göngubrú yfir Vesturlandsveg.

Hverfisvernd

Hugmyndir um að vernda einstök hús eða hverfiseiningar í hverfinu vakti litla eftirtekt hjá íbúum. Þó komu fram hugmyndir um að vernda byggð á Rafstöðvarreitnum við Rafstöðvarveg.

Gátlisti um visthæfi byggðar – höfuðflokkar:

Til þess að tengja betur saman niðurstöður úr samráði og tillögur að hverfisskipulagi í Ártúnsholti er farin sú leið að greina niðurstöður eftir þeim höfuðflokkum sem tilteknir eru í Gátlista um visthæfi byggðar.



SAMFÉLAG

Undir samfélag flokkast menntun og tómstundir, menning og félagsmál, verslun og þjónusta og fjölgun íbúa til þess að bæta aldursdreifingu. Horft verður á þennan flokk út frá hugmyndum sjöttubekkinga í Ártúnsskóla annars vegar og fullorðinna íbúa hins vegar, enda viðhorf og áherslur ólíkar.

Hugmyndir grunnskólanemenda í Ártúnsholti um úrbætur í hverfinu ná fyrst og fremst til þess hvernig bæta megi skólalóð Ártúnsskóla, leiksvæði og opin svæði sunnan við Seiðakvísl. Nemendur óskuðu eftir fleiri og betri leiktækjum og betri leiksvæðum. Nokkrar hugmyndir komu fram um að bæta leiksvæði á milli Álakvíslar og Sílakvíslar.

Íbúar kalla eftir auknu framboði menningar- og félagsstarfs í hverfinu, s.s. myndlistarskóla, tónlistarskóla, ungbarnaskóla og leikskóla. Einnig vilja íbúar fá meira af bekkjum og götugögnum á útivistarvæðum og við göngustíga og kalla eftir drykkjarfontum og leiðarvísingum í hverfinu til að nefna nokkur atriði. Kallað er eftir aukinni aðstöðu fyrir menningarstarfsemi og félagsstarf. Fram komu hugmyndir um að nota skólahúsnæði í auknum mæli undir slíka starfsemi.

Skortur á almenningsalernum kemur fram í miðasjá. Nokkrir íbúar óska eftir hundagerði í útjöðrum hverfisins en svo eru aðrir sem kvarta undan óþrifnaði vegna hundaskíts.

Skortur á verslun og veitingarhúsum er nefndur og hafa íbúar mestan áhuga á að slík starfsemi verði byggð upp í Hyljum og á Árbæjarsafni.

Allnokkrar hugmyndir komu fram um fjölgun íbúða í hverfinu. sbr. umfjöllun að framan.



GÆÐI BYGGÐAR

Undir gæði byggðar flokkast öll þau atriði er snúa að því hvernig hægt sé að þróa byggðina á vistvænum forsendum, byggðarmynstur og staðarandi, efling almenningsrýma.

Við skoðun á miðasjá kom í ljós að sjöttubekkingar í Ártúnsskóla láta þennan málaflokk sig litlu varða og engir miðar eru frá þeim hvorki um umhverfi og náttúru né byggðina í hverfinu. Íbúar hins vegar hafa miklar skoðanir á því hvernig hægt sé að auka gæði byggðarinnar. Þegar síaðir eru í burtu mismunandi skoðanir íbúa á nýrri hverfiseiningu við Rafstöðvarveg, vekur athygli að eftir standa áhyggjur íbúa vegna umferðarhávaða á því svæði og þá aðalega meðfram Vesturlandsvegi. Þar vilja íbúar láta koma upp hljóðvörnum sem skýla byggðinni.



SAMGÖNGUR

Undir samgöngur flokkast borgargötur, göngu- og hjólastígar, almenningsamgöngur og bílastæði.

Samgöngur fá mesta athygli íbúa en um 1/3 skráðra miða tengist akandi umferð þar sem íbúar gera athugasemdir við of mikla umferð, of mikinn hraða og að það vanti bílastæði. Margir íbúar tjá sig um gangandi og hjólandi umferð þar sem áberandi eru skortur á góðri lýsingu og óskir um úrbætur á göngu- og hjólastígum. Nokkrar hugmyndir komu fram um úrbætur á aðstöðu fyrir almenningsamgöngur og þá aðallega við Streng. Hugmyndir um að betrubæta umhverfi Strengs og gera að borgargötu mælast almennt vel fyrir.



VISTKERFI OG MINJAR

Vistkerfi og minjar taka til vistkerfa í hverfum, meðhöndlun ofanvatns, menningar- og fornminjar.

Sjöttubekkingar í hverfisskólanum hafa takmarkaðan áhuga á þessum málaflokki.

Þeir íbúar sem leggja fram hugmyndir undir þessum málaflokki beina sjónum að því að bæta þurfi trjágróður og jafnvel friðlýsa fyrirhugað byggingarsvæði við Rafstöðvarveg. Líkum má leiða að því að þetta séu sömu aðilar og eru á móti því að byggt verði á þeim reit. Aðrar hugmyndir snúa að því að auka trjágróður, snyrta inni í hverfinu og heimila matjurtaræktun á svæði suðvestan við Árbæjarsafn þar sem áður voru skólagarðar.



ORKA OG AUÐLINDIR

Orka og auðlindir fjalla um vistvæna orkugjafa, sorpflokkun og úrgangsstjórnun, kolefnisbindingu og bættu nýtingu auðlinda og betri landnýtingu.

Í þessum málflokki komu fram flestar hugmyndir um skort á ruslatunnum í hverfinu, og óskir um betri grenndarstöðvar. En einnig komu fram hugmyndir um að koma fyrir rafhleðslustöðvum við Streng.



MANNVIRKI

Undir þennan málflokk falla úrbætur á núverandi húsnaði og hvernig hægt sé að bæta og þróa húsnaðið í takt við auknar kröfur um vistvænar áherslur.

Fáir íbúar tjáðu sig um slíkar aðgerðir en þeir sem það gerðu óskuðu eftir því að fá að byggja kvisti, viðbyggingar og sólskála og að fá leyfi til að skipta stórum sérbýlishúsum í tvær íbúðir eins og fjallað hefur verið um fyrir ofan.



NÁTTÚRUVÁ

Þessum málaflokki tilheyra atriði er snúa að náttúruvá en lítið sem ekkert kom fram um í samráðsferlinu um að íbúar hefðu áhyggjur af náttúruvá í Ártúnsholti.

4.3 Árbær

Í úrvinnslu á samráði í Árbæ hefur annars vegar verið horft til ákveðinna svæða og málefna sem aðalskipulagið dregur fram og hins vegar tillagna sem kynntar voru á íbúafundum og ávörpu eru undir hinum sjö höfuðflokkum gátlista um vishæfi byggðar. Fyrst í þessari samanmtekt er farið yfir áherslur frá aðalskipulagi en síðan eru fjalla um málefni sem ávörpuð eru í gátlistans.

Stefna og áherslur aðalskipulags

Þ78 Þróunarsvæði Ásinn. Miðsvæði

Um er að ræða miðsvæði í borgarhlutanum þar sem aðalskipulagið geri ráð fyrir fjölbreyttri þjónusta og starfsemi sem þjónar öllum borgarhlutanum. Þar geti verið verslun og þjónusta, skrifstofur, stofnanir, afþreying og eftir atvikum íbúðir, einkum á efri hæðum bygginga. Hugmyndi um uppbyggingu borgarhlutakjarna á þessum stað voru ræddar í rýnihópum og á íbúafundum og mæltust vel fyrir.

Þ79 Rofabær 7-9

Þetta er svæði sem er skilgreint sem verslun- og þjónusta í aðalskipulagi en um tíma hefur verið áhugi á að byggja íbúðir á þessum lóðum. Íbúar eru áhugsamir um að laga svæði og stuðningur var við að byggja hæðir með íbúðum ofan á núverandi byggingar.

Í samráðsferlinu var leitað eftir viðbrögðum við því að taka opið svæði austan við Rofabær 7-9 undir íbúðir. Þær hugmyndir mæltust aftur á móti ekki vel fyrir hjá íbúum.

VÞ2 Rofabær 39

Um er að ræða svæði þar sem rekin hefur verið hverfisverslun en hugmyndir hafa komið fram um að leifa að byggt verði ofan á núverandi byggingar og/eða nýjar byggingar reistar þar sem áfram verði verslunar- og þjónustusvæði á jarðhæð en leifðar íbúðir á 2 til 4 hæð í tak við byggðamynstrið. Álíka margir voru með og á móti slíkum hugmyndum.

ÍÞ. Íþróttasvæði Fylkis

Þetta er íþróttasvæði en gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og þróun svæðisins til íþrótt- og kappleikja. Í samráðsferlinu komu fram hugmyndir um frekari uppbyggingu fyrir íþróttastarfsemi á svæði. Margir íbúar vilja kalla eftir meiri starfsemi á íþróttasvæði Fylkis og nefna þar fimleikahús og yfirbyggt fótboltahús.

Fastmótuð gróin byggð

Í rýnihópum og á íbúafundum var kynnt sú hugmynd að heimila eigendum fasteigna að skipta stórum sérbylíshúsum í tvær íbúðir. Fram kom bæði í rýnihópum og á íbúafundum að eitthvað væri um að eigendur hefðu þegar gert þetta. Hugmynd um að heimila þessa aðgerð í skilmálum hverfisSKIPULAGS hlaut mjög góðar viðtökur. Einnig voru kynntar hugmyndir um að heimila húsfélögum að byggja hæð ofan á fjölbýlishús og setja lyftur til að bæta aðgengi. Vel var tekið í slíkar hugmyndir en

margir sáu vankanta á framkvæmdinni og vildu vita meira hvernig ætti að útfæra slíkt.

Borgarhlutakjarni

Í samráði voru kynntar hugmyndir um að efla borgarhlutakjarna við Hraunbæ 102 og við Ásinn í Árbæjarhverfi og efla þennan kjarna sem miðju borgarhlutans með aukinni menningarstarfsemi, kaffihúsum og annarri starfsemi sem er á miðsvæðum. Þessar hugmyndir mæltust mjög vel fyrir á öllum stigum samráðsins og var beinlínis kallað eftir aðgerðum til að gefa kjarnanum við Ásinn andlistlyftingu.

Borgargötur

Hugmyndir um að gera Rofabæ og Bæjarbraut að borgargötu voru rædda í rýnihópum og á íbúafundum. Íbúar höfðu ekki miklar skoðanir á þessum hugmyndum en meirihlut þeirra sem tjáði sig var jákvæður fyrir þessu hugmyndum. Dregið var fram að samfara þessu væru opin svæði lagfærð, komið upp rafhleðslustöðvum og lýsing bætt til nefna það helsta.

Hjólreiðar

Hugmyndir um hjólreiðar og hjólreiðastíga fengu nokkrar umfjöllum. Meðal þess sem kom fram var að aðskilja hjóla- og göngustíga og að bæta hjóla- og göngustígatengsl við Árbæ með úrbótum á undirgöngum undir Höfðabakka og með nýrri hjóla- og göngubrú yfir Vesturlandsveg.

Hverfisvernd

Hugmyndir um að verndun einstök hús eða hverfiseiningar í hverfinu vakti litla eftirtekt hjá íbúum.

Gátlisti um visthæfi byggðar - höfuðflokkar

Til þess að tengja betur saman niðurstöður úr samráði og tillögur að hverfisskipulagi í Árbæ er farin sú leið að flokka frekari úrvinnslu á niðurstöður eftir þeim höfuðflokkum sem ávarpaðir voru í gátlista um visthæfi byggðar.



SAMFÉLAG

Undir samfélag flokkast menntun og tómstundir, menning og félagsmál, verslun og þjónusta og fjölgunn íbúa til þess að bæta aldursdreifingu. Horft verður á þenna flokk út frá hugmyndum sjöttu bekkinga annars vegar og íbúum hins vegar enda viðhorf og áherslur ólíkar.

Hugmyndir grunnskólanemenda í Árbæjarskóla fjalla flestar um úrbætur á skólalóðinni og í nágrenni en líka meira framboð á íþróttum og afþreyingu á íþróttasvæði Fylkis. Að mati nemenda vantar búið í hverfið.

Íbúar tjá sig um húsnæðismál og kalla eftir meira framboði af íbúðum af ýmsum gerðum. Kallað var eftir þjónustuíbúðum innan hverfisins og óskir komu fram um leiguíbúðum.

Íbúar hafa áhuga á auknu framboði á menningu og var menningarhús er nefnt í því sambandi. Íbúar vilja geta komist á námskeið á kvöldin og um helgar og koma með hugmyndir um að nýta skólahúsnæðið í meira mæli undir slíka starfsemi og þá utan skólatíma.

Það er mikið kallað eftir kaffihúsi og bar miðsvæðis í Árbæ. Á því svæði er lík óskað eftir bændamarkaði.

Fram kom að það vantar almenningsalerni í hverfið.

Betri leiksvæði og boltavellir á opnu svæði austan við Rofabær 7-9 voru ávarpaði af all nokkrum íbúum.

Leikvellir fyrir yngri börn er áhugamál margra og þá aðallega á útivistarsvæði í Elliðaárdal í krikanum milli Rofaborgar og íþróttasvæðis Fylkis.



GÆÐI BYGGÐAR

Undir gæði byggðar flokkast öll þau atriði er snúa að því hvernig hægt sé að þróa byggðina á vistvænum forsendum, byggðamynstur og staðarandi, efling almenningsrýma.

Nemendur í sjöttu bekkingar í Árbæjarskóla hafa áhuga á að bæta umhverfið ekki minnst á skólalóðinni þar sem þeim finnst vanta meiri trjágróður til þess að fegra umhverfið.

Íbúar hafa mikinn áhuga á að fegra og bæta hverfið sitt. Þar eru helstu hitasvæðin opið svæði milli Höfðabakka og byggðarinnar en þar vilja margir halda í trjágróður. Annað hitasvæði er opið svæði austan við Rafabæ 7-9 en þar vilja margir íbúar að leikvellir verði festir í sessi og byggðamynstur varðveitt og opna svæði byggt upp.



SAMGÖNGUR

Undir samgöngur flokkast borgargötur, göngu- og hjólastígar, almenningsamgöngur og bílastæði. Samgöngur fá mesta athygli íbúa í Árbæ.

Flestir miða í miðasjá tengjast gangandi og hjólandi umferð við Rofabæ, Bæjarbraut og Hraunbæ þar sem óskað erf eftir úrbættum á gangbrautum og betri göngu og hjólastígum.

Það sem flestir tjá sig um er úrbætur á gangstéttum sem eru orðnar úr sér gengnar. Kallar er eftir fleiri gangbrautum, betri lýsingu við stíga og gangbrautir.

Það vantar hjólastíga og einnig hjólastæði. Kvartað er undan of mikilli umferð.

All nokkir íbúar finnst vanta fleirri bílastæði.



VISTKERFI OG MINJAR

Vistkerfi og minjar taka til vistkerfa í hverfum, meðhöndlun ofanvatns, menningar- og fornminjar.

Áhugi íbúa er aðallega á því að vernda trjágróður í hverfinu og þá fyrir því að ekki verði byggt á opnu svæði við Höfðabakka og á opnu svæði austan við Rafabæ 7-9. Það sama á við um svæði vestan við Rofabæ 39 en þar eru all nokkrir miða lagðir niður um verndun gróður, meiri gróður og verndum byggðamynsturs.



ORKA OG AUÐLINDIR

Orka og auðlindir fjalla um vistvæna orkugjafa, sorpflokkun og úrgangsstjórnun, kolefnisbindingum og bættri nýtingu auðlinda eins og lands.

Undir þessum málflokk fjalla flestar hugmyndir sem að það vanti tilfannalega ruslatunnum í hverfinu. Einnig er kallað eftir grendargámum.



MANNVIRKI

Undir þennan málflokk falla úrbætur á núverandi húsnæði og hvernig hægt sé að bæta og þróa húsnæðið í takt við auknar körfum um vistvænar áherslur. Fáir íbúar tjáðu sig um slíkar aðgerðir en þeir sem það gerðu voru að óska að heimilað verði

að byggja ofan á fjölbýlishús, viðbyggingar verði heimilaðar og að fá leyfi til að skipta stórum sérbýlishúsum í tvær íbúðir.



NÁTTÚRVÁ

Til þessa málaflokks taka atriði er snúa ða náttúrvá en lítið sem ekkert kom fram um í samráðsferlinu um áhyggur af náttúrvá í Árbæ. Íbúar tjá sig lítum um náttúrvá.



4.3 Selás

Í úrvinnslu samráðs í Selás annars vegar verið horft til ákveðinna svæða og málefna sem aðalskipulagið mótast stefnu um og hins vegar til tillagna sem kynntar voru á íbúafundum og var fjallað um undir hinum sjö höfuðflokkum Gátlista um vishæfi byggðar. Fyrst í þessari samantekt er farið yfir áherslur frá aðalskipulagi en síðar er fjallað um málefni sem dregin eru fram undir höfuðflokkum Gátlista um vishæfi byggðar.

Í úrvinnslu á samráði í Selás hefur annars vegar verið horft til ákveðinna svæða og málefna sem aðalskipulagið dregur fram og hins vegar tillagna sem kynntar voru á íbúafundum og ávörpu eru undir hinum sjö höfuðflokkum gátlista um vishæfi byggðar. Fyrst í þessari samantekt er farið yfir áherslur frá aðalskipulagi en síðan eru fjalla um málefni sem ávörpuð eru í gátlistans.

Stefna og áherslur aðalskipulags

Þ77 Vindás-Brekknáás

Íbúðarbyggð. Heildarstærð svæðisins er um 1,3 ha. Gert er ráð fyrir uppbyggingu allt að 20 íbúða á 1-3 hæðum. Gert er ráð fyrir að byggðin taki mið af sérkennum núverandi byggðar í nágrenninu.

Þ80 Selásbraut 98

Verslun- og þjónusta (VÞ3). Eingöngu er gert ráð fyrir hverfisverslun og hverfisþjónustu á jarðhæð bygginga. Heimilt er að vera með íbúðir á efri hæðum allt að 3 hæðir.

Fastmótuð gróin byggð

Í rýnihópum og á íbúafundum var kynnt sú hugmynd að heimila eigendum fasteigna að skipta stórum sérbýlishúsum í tvær íbúðir. Fram kom bæði í rýnihópum og á íbúafundum að eitthvað væri um að eigendur hefðu þegar gert þetta. Hugmynd um að heimila þessa aðgerð í skilmálum hverfisskipulags hlaut góðar viðtökur. Einnig voru kynnta hugmyndir um að heimila húsfélögum að byggja hæð ofan á fjölbýlishús og setja lyftur til að bæta aðgengi. Vel var tekið í slíkar hugmyndir en margir sáu vankanta á framkvæmdinni og vildu vita meira hvernig ætti að útfæra slíkt.

Borgargötur

Hugmyndir um að gera Selásbraut að borgargötu voru rædda í rýnihópum og á íbúafundum. Íbúar höfðu ekki miklar skoðanir á þessum hugmyndum en meirihlut þeirra sem tjáði sig var jákvæður fyrir hugmyndunum.

Hjólreiðar

Hugmyndir íbúa um hjólreiðar fengu nokkrar umfjöllum. Meðal þess sem kom fram var að aðskilja hjóla- og göngustíga og að bæta hjóla- og göngustígatengsl við Árbæ með úrbótum á undirgöngum undir Höfðabakka og með nýrri hjóla- og göngubrú yfir Vesturlandsveg.

Hverfisvernd

Hugmyndir um að verndun einstök hús eða hverfiseiningar í hverfinu vakti litla eftirtekt hjá íbúum.

Gátlisti um visthæfi byggðar - höfuðflokkar

Til þess að tengja betur saman niðurstöður úr samráði og tillögur að hverfisskipulagi í Árbæ er farin sú leið að flokka frekari úrvinnslu á niðurstöður eftir þeim höfuðflokkum sem ávarpaðir voru í gátlista um visthæfi byggðar.



SAMFÉLAG

Undir samfélag flokkast menntun og tómstundir, menning og félagsmál, verslun og þjónusta og fjölgunn íbúa til þess að bæta aldursdreifingu. Horft verður á þenna flokk út frá hugmyndum sjöttu bekkinga annars vegar og íbúum hins vegar enda viðhorf og áherslur ólíkar.

Mikill er kallað eftir verslun í hverfið. Þar er helsta hitasvæðið Selábraut 98.

Nemendur í Selásskóla kom með margar hugmyndir um verslun og þjónustu en sérstakan áhugamál hafa þeir á ísbú í hverfi sem þeir vilja hafa í Selásbraut 98.

Áhugi er á að nota Selásskóla undir tómstundir og námskeið á kvöldin og um helgar.

Nemendur í Selásskóla eru með ákall um að skólalóðin verði tekin í geng og bætt við leiktækum og leikvöllum. Inni á lóðinni er líka kallað eftir Leikvellir fyrir yngri börn.



GÆÐI BYGGÐAR

Undir gæði byggðar flokkast öll þau atriði er snúa að því hvernig hægt sé að þróa byggðina á vistvænum forsendum, byggðamynstur og staðarandi, efling almenningsrýma og aðgerðir til að minnka hávaða- og loftmengun.

Nokkrar hugmyndir koma fram um að það vantar svæði fyrir nýjar íbúðir

Kallað er eftir fleiri bekkjum og listaverkum á opnum svæðum. Íbúar kalla eftir meiri trjágróðri á opnu svæðunum ekki minnst jaðarsvæðunum á milli hverfisins og Suðurlandsvegur.



SAMGÖNGUR

Undir samgöngur flokkast borgargötur, göngu- og hjólastígar, almenningsamgöngur og bílastæði. Íbúar í Selás eru uppteknir af samgöngum bæði fyrir akandi umferð, hjól og gangandi.

Það vantar hjólastíga í hverfið og tengja þá við annað stígakerfi.

Íbúar kalla eftir betri lýsingu við gangbrautir og á göngustígum.

Varðandi akandi umferð er ákall um að hægja á umferð á vissum stöðum í hverfinu eins og við Selásskóla.

Í sérbýlishúsabyggðinni er kallað eftir fleiri bílastæðum í nokkrum götum.

Fleiri íbúar vilja láta loka stæðum fyrir stóra bíla við Norðurás en líka við Brekknaás



VISTKERFI OG MINJAR

Vistkerfi og minjar taka til vistkerfa í hverfum, meðhöndlun ofanvatns, menningar- og fornminjar.

Íbúar kalla eftir verndun á trjágróðri á opnu svæðunum.



ORKA OG AUÐLINDIR

Orka og auðlindir fjalla um vistvæna orkugjafa, sorpflokkun og úrgangsstjórnun, kolefnisbindingum og bættri nýtingu auðlinda eins og lands.

Undir þessum málaflokki koma flesta hugmyndir um að það þurfi að bæta við ruslatunnum í hverfið.



MANNVIRKI

Undir þennan málflokk falla úrbætur á núverandi húsnæði og hvernig hægt sé að bæta og þróa húsnæðið í takt við auknar körfum um vistvænar áherslur.

Áhugi er fyrir að heimila að byggja kvist, garðskála og svalir á fjölbýlishús.

Einnig a heimila að skipta sérbylishúsum í tvær íbúðir og leyfa að gera íbúð í bílskúr.



NÁTTÚRUVÁ

Til þessa málflokks taka atriði er snúa ða náttúrvá en lítið sem ekkert kom fram um í samráðsferlinu sem snéri að náttúrvá.





MIG LANGAR SVO AÐ PLANTA
TRJÁM HÉRNA. ÉG SE FYRIR
MÉR HEILAN ÆVINTÝRASKÓG.



6. Viðauki



6.0 Yfirlit

Í viðauka er að finna myndir sem sýna þær hugmyndir sem kynntar voru í samráðsferlinu, myndir af heimasíðu hverfisskipulagsins, skjáskot úr miðasjá og ljósmyndum frá samráðsferlinu. Þetta er gert til þess að þeir sem vilja kynna sér hvernig staði var að samráðinu geti á einum stað farið yfir efnið í samráðsferlinu.



6.1 Hugmyndir að framtíðarsýn

Hér er að finna myndir af þeim hugmyndum sem kynntar voru í samráðsferlinu. Þessar hugmyndir sýna drög að stefnumótum og framtíðarsýn fyrir hverfin í borgarhlutanum. Ýmist er um að ræða afrit af glærusýningum sem rýnihópar tóku til umfjöllunar eða smækkanir á stórum veggspjöldu sem voru til sýnis á íbúafundum. Ef lesendur vilja kynna sér betur efnið á stóru veggspjöldunum er bent á rafræna útgáfu af greinargerð um samráðið, þar sem hægt er að stækka myndir að vild. Efni sem sýnt er:

- Glæsur frá rýnihópum Gallup 16. til 24. nóvember 2015
- Veggspjöld frá íbúafundi í Ártúnsskóla 26. nóvember 2015
- Veggspjöld frá íbúafundum í Fyllkishöll 2. júní og í Árbæjarskóla 11. október 2016

6.2 Annað efni

Hér er að finna annað kynningarefni s.s. eins og skjaskot af heimasíða, miðsjá og annað myndefni.

- Skjaskot af efni á heimasíða, www.hverfisskipulag.is
- Skjaskot af miðsjá, sjá www.hverfisskipulag.is
- Ljósmyndir frá samráðsferlinu





LOFT- OG HLÍÐ-
MENGUNI!

ÞÆTTAR
ALMENNING-
SAMGÖNGUR!

SVEIMÉR JÁ, HÉR
VANTAR GANGBRAUT,
OG KANNSKILISTA-
VERK Í ALMENNING-
KÝMID?

FLÉIRI Í BÚÐIRI FLÉIRI
LEIK-SVÆÐI FLÉIRI
BÍLASTÆÐI!

HÉR ER GOTT AÐ BÚA, GÓÐIR
GRANNAR, OG ÍSBÚÐ, HVAD YARF
MABUR MEIRA?

HÉR ERU UPPÍ ÁFORM UM AÐ ERA
HVERFISMÖÐURNA MED BRUGKI
MENNINGARSTARFSEMI OG FALLEGU
UMHVERFI, EKKI SEM VERST, HAD?

ÚPSÍ HÉR ER NÁR
Á GANGSTÉTTAR-
VIGERAM!

ÁFRAM FYLKIRI!

MEITTIKKI
BYGGJA NOKKRAR
BÚÐIR HÉR?

HÉR VERÐUR BARA
AÐ ÞÆTTA GÖTU-
LÝSINGUNA!

HÉR GÆTI ÉG
KÆKTAD GRÆN-
METI FYRIR ALLT
HVERFIÐ!

VÆRI EKKI MÁL AÐ KOMA
HÉR UPP BRUGI HVERFIS-
STARFSEMI OG KAFFIHUSI?

EGU BARA
APPARÓÐ?

JÁ, HÉR ERU EINGIN
ALMENNINGSSALEKNI
OG ÉG VAR ALVEG
Í SPENNI!

MÉR FINNST
SÁRLEGA VANTAR
TÍVÖLUGARÐ

HLAUPLEIÐIRNAR
UM ÁRBEIÐNARU
DÁSAMLEGAR.

Í HVERFNU OKKAR ES MESTUM
ALLT TIL TÍÐAR, FRISTUNDA-
MISTÖÐ OG SUNNLAUS, HAD
VANTAR BARA ALMENNINGAN
HLÓÐRETTARAMI!

ALVEG
SAMMALA

SAFNARHEIMLI
ÓSKASTI OG KANNSKI
EITT BLÓMAKER.

SJÁ HÓLMANNU YAR
GETUR NÁTTURAN
OG FUGLAFÍÐ
FENGID AÐ VERA
Í FRÍÐI!

OH HUNDASKÍTUR
ÚT UM ALLT.

JÁ, SVO LENGI SEM
LAUSIANGANGA HUNDA ER
BÖNNUD.

ÁRTUNSHOLT
ER UPPHÁLDS-
HVERFIÐ MITT

DÁSAMLEGT AÐ
SARPA AF Í
GIGNERU
NÁTTURU

JÁ, HÉR ALTI
AÐ HALDA Í
TRJASKOGUNIN
OG ÞÆTTA
HÍOLASTIGINU

SVEIMÉR JÁ EF HÉR
VÆRI EKKI KJÖRID AÐ
STUNDA BORGARSUKAP
OG MOLTUSERI!

EN SÚ MEIRI HATTAR NÁTTURUPELA!
NOKKRAR RUSLATUNNUR TIL VIÐBÁTAR
OG ÉG MYNDI KALLA ÞETTA PARADÍS.

MIKID VÆRI NÚ
HUGGULEGT AÐ ALJA EF HÉR
VÆRI LÍTIÐ KAFFIHUS!

SELÁSNINER DÁSÁMLEGUR,
SERSTARKEGA Í FORSÆLUNNI.

ÞETTA ER FLOTT JÓÐ
FYRIR TILBEIÐLUNUS, HÁ?

HAD ER MIKILVEGT AD HÉR SEU
EIGNAÐRETTAR ÍBÚÐIR, EIGN
HUSNEIÐ, LEIGIÐHUSNEIÐ,
FÉLAGSRÚSTAFIR TIL DEÐMIS.

Æ HVAD VÆRI HUGGÓ
AD GETA RÓLT Í SUND
Í HVÖLDSELDUNNI.

NORÐLINGAHLT ER HVERFÍÐ
MITT. HVÍLÍK PARADÍSI!

HALLÓ, HÉ? ÉG ER AD LEITA AD
RAFIÐGÖLUSTIÐ, ER HANA AD
FINNA HÉR Í NORÐLINGAHLTINU!

DRÁUMURINN VÆRI AUFVITAD
LÍÐI ÞYRIBYGGT KNATTIÐUS.

VÆRI EKKI MÁL AD GERA
HESSE GÖTU AD VISTGÖTU?

APARÓLA!
APARÓLA!

ÉG SVER HAD, HÉR ER
TÖLUVERÐ HÆTTA Á
SKEMMDARVERKUM.

HAD VANTAR ALGJÖRLEGA
MATVÖRUVÆRSLUN Í HVERFÍÐ,
OG RAKARA!

HAD ER ENGINN BANKI
Í NAGRENNDI, ER HAD?

NEI, HVÍ MUDURI HVORKI
BANKI NE BOKASAFNI VÍÐ
ÆTTUM AD LEGGJA HAD TIL.

EF HAD VÆRI KAFFI HUS EÐA
VEITINGASTAFUR Í HVERFINU
GÆTUM VÍÐ SETIÐ FYRIR UTAN
OG SÉRT BITA...

Æ, ÉG VEIT EKKI ER
HAD EKKI BARKA KLUSJA?

ÉG LAET MIG DREYMA UM
SAMGIGNILEGA MOLTUGERÐ
Í HVERFINU.

HESSE REIÐSTÍÐUR ER TIL FYRIR-
MYNDAR, NU ER BARA AD HLADA
Í EINA Í GÖ-KARTBRAUT!

MÉR FINNST AD HAD ÆTTI AD
VERA FÓTBOLTAVÖLLUR HÉR,
HELST MEÐ GERVIGRARI!

EITURSÞLÖNGUSAFN,
VÆRI HAD EKKI
EITTHVAD?

VÍÐ KOMUM OFT HINGAD UM
HELGAR, EF HAD VÆRU FLÆIRI
LEIGIÐSÚPIR MYNDUM VÍÐ ÞYTTA
HINGAD UNDIR EINI!

JEP, MIG DREYMR UM AD
SKRIFA HVERFISBLAD OG ORNA
KLEINURRINGABULLU

MIG LANGAR SVÖ AD PLANTA
TRJÁM HÉRNA, ÉG SE FYRIR
MÉR HEILAN ÆVINTYRASKÖG.

ÉG STELT STUNDUM TIL
AD HJÓLA Á REIÐSTÍÐNUM,
YONANDI VERÐUR GERÐUR
EIALLAHJÓLASTÍÐUR FLJÓTLEGA.

VÁI ÆTTI ÞETTA FYRIRBOÐI
UM ÆLUGRA FÉLAGSSTARF
FYRIR FAZLABA?

GARGI MIS VIMARI!
HAD VANTAR FLÆIRI BÆKKI Í
ÞETTA HVERFI.

EF HÉR VÆRI SJOPPA MYNÐI
ÉG HELÐUR BETUR BÝÐA HÉR
UPP Á ÍS MEÐ DÝFU, VINKONA.

HVAD MEÐ SKÓLA-
HREYSTIBRAUT?

TIL Í HAD Í SA
ÞRÓTTANUS.

MIG LANGAR HRIKALEGA
Á DANINÁMSKEIÐ.

KRUNK KRUNK

SUMUM FINNST ÞETTA SVÆRI
NÝJRNÍÐSLU, EN MÉR FINNST HESSE
GHEFTI VÖXTUR BARA SJARMERANDI.





Hvattisskiptulag
Reykjavíkur

Útgáfa 0.0 / 26.02. 2017

Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg
Borgartún 12-14,
105 Reykjavík